FRÉTTABLAÐIÐ

127. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 1. JÚLÍ 2021

N1-mótið á Akureyri hófst með pompi og prakt í gær og stendur þar til á laugardaginn. Metþátttaka er á mótinu í ár og þátttakendurnir orðnir 2.144, en liðin 216. Margir verðandi atvinnumenn og landsliðsmenn koma til með að taka sín fyrstu skref á mótinu. Eins og sjá má gefa tilþrif strákanna fyrir norðan þeim köppum sem nú spila á Parken og Wembley ekkert eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Koma böndum á fasteignaverð

Seðlabankastjóri segir hækkun fasteignaverðs í samræmi við efnahagsaðstæður en lækkun á hámarki veðsetningarhlutfalls sé nauðsynlegt til að afstýra bólumyndun.

thorsteinn@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir að lækkun á veðsetningarhlutfalli fasteignalána sé forvarnaraðgerð, sem ætlað sé að koma í veg fyrir bólumyndun þar sem kaupendur gera ráð fyrir að fasteignamarkaðurinn búi til eigið fé úr engu.

„Fasteignaverð hefur hækkað töluvert en það má segja að hækkunin sé í samræmi við þær aðstæður sem eru til staðar. Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa hækkað í kófinu, eiginfjárstaða þeirra er góð og vextir eru mun lægri en áður hefur verið. Við erum að setja takmarkanir til þess að hækkunarfasinn verði ekki að bólu," segir Ásgeir.

Fjármálastöðugleikanefnd tók ákvörðun um að lækka hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda úr 85 prósentum í 80 prósent. Hámarkshlutfall fyrir fyrstu kaupendur verður hins vegar óbreytt í 90 prósentum.

„Lækkun veðsetningarhlutfallsins er ekki hamlandi eins og staðan er í dag, enda viljum við ekki hindra eðlileg viðskipti á fasteignamarkaðinum. Þetta er forvarnaraðgerð," segir Ásgeir og bendir á að aðgerð sem þessi hefði getað komið í veg fyrir fasteignabóluna sem var blásin út eftir árið 2003. Mikilvægt sé að grípa til aðgerða áður en það er um seinan.

> Við erum að setja girðingu til þess að koma í veg fyrir ástand þar sem fasteignakaupendur gera ráð fyrir að markaðurinn búi til eigið fé úr engu.
>
> Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

„Við erum að setja girðingu til þess að koma í veg fyrir ástand þar sem fasteignakaupendur gera ráð fyrir að markaðurinn búi til eigið fé úr engu. Það er mikilvægt að fasteignamarkaðurinn þjóni fyrst og fremst almenningi, en ekki spákaupmönnum."

Þá segir Ásgeir ljóst að stefna Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum hafi stuðlað að hækkun fasteignaverðs.

„Það liggur alveg fyrir, sama hvernig menn snúa því fram og til baka, að sú ákvörðun Reykjavíkurborgar, að brjóta ekki nýtt land undir ný hverfi, hefur áhrif á fasteignaverð í allri borginni. En vitaskuld er nægjanlegt rými fyrir nýtt húsnæði til staðar á þéttingarreitum innan borgarinnar – það bara tekur lengri tíma að koma þeim í gagnið. Við gætum horft fram á eitt eða tvö ár þar sem heldur hægir á framboði af nýjum eignum," segir Ásgeir. – SJÁ SÍÐU 8

Díana sextug

thorarinn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Lafði Díana, prinsessa fólksins, væri sextug í dag hefði hún lifað. „Hún skilur gífurlega arfleifð eftir sig og þótt hún hafi nú ekki verið lengi í konungsfjölskyldunni þá hafði hún alveg rosalega mikil áhrif " segir Guðný Ósk Laxdal, sem fjallaði um nútímavæðingu konungsfjölskyldunnar í BA-ritgerð sinni 2016.

Diana prinsessa þótti ekki aðeins fögur og hjartahlý heldur róttæk í stjornmálaskoðunum.

Fréttablaðið minnist ævi og áhrifa Díönu á síðu 22 í dag. ■

Útsýnisflug með þyrlum hefur verið í boði við gosstöðvarnar síðan í mars.

Norðurflug ekki óskað eftir fundi

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Forsvarsmenn Norðurflugs hafa ekki sett sig í samband við landeigendur að Hrauni eða lögmann þeirra, eftir að sýslumaður lagði lögbann við lendingum þyrla félagsins við gosstöðvarnar í Geldingadal, í fyrradag. „Nei það hefur enginn haft samband af hálfu Norðurflugs í dag," segir Óskar Sigurðsson, lögmaður landeigendanna, en í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Óskar að leysa mætti málið með samningum.

Óskar sagðist ekki hafa rætt við umbjóðendur sína um viðbrögð Samtaka ferðaþjónustunnar við lögbannið. Samtökin tóku fréttunum illa og sögðu lögbannið geta skapað slæmt fordæmi.

Óskar er nú að ganga frá stefnu í málinu en höfða þarf staðfestingarmál um lögbannið innan viku frá því það var lagt á. Hann segist gera ráð fyrir að stefnan verði komin til héraðsdóms fyrir helgi. ■

Þetta er ungt og leikur sér

Fádæma veðurblíða hefur ríkt á norður- og austurlandi undanfarna daga. Ekki aðeins hafa íslenskir og erlendir ferðamenn flykkst norður í land til að sleikja sólina, heldur kann unga fólkið á landsbyggðinni heldur betur að njóta blíðunnar. Það sýna þessir hressu krakkar sem voru að kæla sig í höfninni á Neskaupstað í vikunni, þegar Gunnar Gunnarsson ritstjóra Austurfréttar bar að. Ekkert lát virðist ætla að verða á blíðunni næstu daga. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

Lundaveiði leyfð í eina viku í ágúst

kristinnpall@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja lagði til að lundaveiði yrði leyfð með sama hætti þetta árið og á síðasta ári og lundaveiðar verði heimilar frá 7.-15. ágúst næstkomandi. Á árum áður þekktist að veiðitímabilið væri allt að 46 dagar, en í bókun ráðsins kemur fram að þá daga sem veiðin er leyfð er tíminn yfirleitt nýttur til þess að viðhalda þeirri merkilegu menningu sem fylgir veiðinni og úteyjalífi almennt. Um leið er þess óskað að gengið verði fram af hófsemi við veiðarnar.

Náttúrustofa Suðurlands hafði áður mælt gegn því að lundaveiðar yrðu heimilaðar þetta árið og vísað til þess í umsögn og greinargerð um málefnið. Í skýrslunni kemur

Áður fyrr var veiðitíminn mun lengri.

fram að lundastofninn á Íslandi hafi minnkað um 45 prósent á sautján árum. Lítil ungaframleiðsla og fæðuskortur hafi leitt til þess að stofnvöxtur hafi farið minnkandi og fyrir vikið telst öll veiði úr lundastofninum stofnvistfræðilega ósjálfbær.■

Hlaupið um gosstöðvarnar í miðnætursól og góðu veðri

America to Europe – Reykjanes Volcano Ultra fer fram um helgina, þar sem verður hlaupið milli heimsálfa og þeir sem hlaupa lengst hlaupa fram hjá eldgosinu í Geldingadölum. Eina konan í 100 kílómetra hlaupinu hlakkar til að takast á við komandi kílómetra.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Kosturinn við að hlaupa 100 kílómetra er að það spyr þig enginn um tímann. Það er meira að ná að klára," segir Andrea Kjartansdóttir, sem er eina konan skráð í 100 kílómetra Goshlaup um helgina.

America to Europe – Reykjanes Volcano Ultra fer fram um helgina, en í 100 kílómetra hlaupinu verður hlaupið fram hjá eldgosinu sem og milli heimsálfa, því farið verður yfir gjána milli Ameríku og Evrópu. Bjarni Már Svavarsson segir að fyrirspurnum erlendis frá rigni inn fyrir næsta ár. Eðlilega eru fáir erlendir að fara hlaupa þetta árið, en Bjarni vonast til að næsta ár verði ansi stórt.

„Það eru einhverjir útlendingar að fara hlaupa í ár, en það er mikið af fyrirspurnum fyrir næsta ár. Grindavík verður upphafs- -og endapunktur. Gosið breytti svo leiðinni aðeins, en við höfum unnið okkur í gegnum það," segir hann.

Leiðirnar eru ákaflega skemmtilegar en hlaupið verður á utanvegastígum, fjallvegum, um strandir, hraun, bæi Suðurnesja og upp að útsýnisstöðum, en þó er ákaflega lítil hækkun. Í 10 kílómetra hlaupinu er 116 metra hækkun og í 100 kílómetrunum er 820 metra hækkun.

„Það eru auðvitað engin stór fjöll

Trúlega verður ansi magnað að hlaupa í kringum eldsumbrotin við Fagradalsfjall í glampandi sól um miðja nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það eru einhverjir útlendingar að fara hlaupa í ár, en það er mikið af fyrirspurnum fyrir næsta ár.**

Bjarni Már Svavarsson.

á Reykjanesinu. Þetta eru rúllandi upphækkanir en í 50 og 100 kílómetrunum er hlaupið milli heimsálfa, því hlaupið er yfir brúna milli Ameríkuflekans og Evrópuflekans," segir Bjarni.

Andrea bíður spennt eftir helginni enda góð spá og segist hlakka til að hlaupa fram hjá eldgosinu. „Ég hef hlaupið 100 kílómetra áður, en það var í aðeins öðru formi. Nú langar mig að klára 100 kílómetra í alvöru hlaupi með engum hléum.

Það getur verið bæði gott og vont að hafa meiri hækkun, því þá er hægt að hvíla sig upp brekkurnar, þannig að ég er aðeins stressuð ef það eru ekki brekkur. Öll hækkunin er á fyrri hlutanum og seinni hlutinn er á meira flatlendi.

Þetta lítur út fyrir að vera skemmtilegt hlaup og góð braut. Betri hlauparar en ég gætu neglt á þetta og náð góðum tíma. En ég er ekki á þeim stað. Ég ætla bara að klára þetta," segir hún. ■

... OOOG SLAKA

TOYOTA RELAX

Við framlengjum ábyrgðina á Toyota bílnum þínum um 12 mánuði* í senn þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota. Toyota Relax er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða hann ekinn 200.000 kílómetra - hvort sem fyrr kemur.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

* Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilviki Proace) – hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX – að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Fylgist áfram með skimanamálinu

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis hefur lokið athugun sinni á leghálsskimanamálinu, en honum hefur borist á þriðja tug kvartana frá konum sem lýst hafa áhyggjum af hættu á mistökum vegna sendinga sýna til Danmerkur, auk athugasemda við langan biðtíma eftir niðurstöðum og ófullnægjandi upplýsingagjöf.

Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis.

Allt útlit er nú fyrir að greining á sýnunum færist hingað heim og Landspítalanum verði falið verkið, en heilbrigðisráðherra fól forstjóra Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, að kanna hvort rétt væri að hætta að senda sýni til Danmerkur.

Þrátt fyrir þessa lendingu segir í bréfi Umboðsmanns, að hann muni áfram fylgjast með framvindu málsins og taka það til skoðunar á ný, sjái hann ástæðu til.

Umboðsmaður ítrekaði í bréfi sínu um málið að konur sem hafi haft mál til meðferðar hjá stjórnvöldum geti leitað til umboðsmanns með þau, til að mynda hafi fyrirspurnum ekki verið svarað eða upplýsingagjöf verið ábótavant. ■

Rumsfeld látinn

lovisa@frettabladid.is

ANDLÁT Donald Rumsfeld, fyrrverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, er látinn 88 ára aldri. Fjölskylda hans tilkynnti um andlátið í gær.

Rumsfeld var varnarmálaráðherra frá 1975 til 1977, í forsetatíð Geralds Ford og svo aftur frá janúar 2001 til desember 2006, í forsetatíð George W. Bush. Hann var bæði elsti og yngsti maðurinn til að gegna því embætti. Hann starfaði einnig við efnahagsmál í forsetatíð Richards Nixon.

„Hans verður minnst fyrir sérstök afrek hans í sex áratuga opinberri þjónustu , segir meðal annars í tilkynningu fjölskyldunnar. ■

Efast um að nokkur axli ábyrgð á Fossvogsskóla

thorgrimur@frettabladid.is

XXXXXXX Karl Óskar Þráinsson, formaður Foreldrafélags Fossvogsskóla, var ómyrkur í máli um niðurstöður skýrslu Eflu um rakaástand og innivist í skólanum. Er þar meðal annars fjallað um skólp í opnum brunni við hlið rýmis þar sem unnið var með matvæli,

„Samkvæmt Umhverfis- og skipulagsnefnd munu þeir flytja þennan brunn úr húsinu, sem er nú alveg lágmarkskrafa nútímans," segir Karl. „Þeir fundu að þeir höfðu í síðustu framkvæmdum skilið eftir tjörutex í þaki sem samræmist ekki reglugerðum. Það eru líka opnir brunnar með regnvatni annars staðar í húsinu, sem anda upp í húsnæðið og fæða þar myglu með rakaskemmdum. Þetta eru allt hlutir sem þeir hljóta að hafa vitað af en ekki ákveðið að bregðast við og samt ítrekað gefið húsinu sitt eigið heilbrigðisvottorð."

Karl segist ekki vongóður um að neinn verði dreginn til ábyrgðar vegna málsins. „Ég tel mjög ólíklegt að vinstri höndin skammi þá hægri hjá borginni. Þeir hafa aldrei sýnt tilburði til þess. Þegar tónninn í borgarstjóra er sá að það eigi að kæfa ónauðsynlega eða móðursýkislega umræðu, er ekki von á að þeir axli ábyrgð frekar en áður." ■

Efla sendi frá sér svarta skýrslu um ástandið í Fossvogsskóla.

Flokkar hafna yfirleitt aukalistum

Fordæmi eru fyrir aukalista stjórnmálaflokks, eins og Benedikt Jóhannesson hefur íhugað að bjóða fram í haust. Prófessor í stjórnmálafræði bendir hins vegar á að flokkar geti hafnað slíkum listum og geri það oftast.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Óalgengt er að reynt sé að bjóða fram aukalista, undir merkjum annars stjórnmálaflokks, og tilhneigingin er að sá flokkur hafni því. Þetta segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi fjármálaráðherra, hefur sagt koma til greina að bjóða fram slíkan lista undir merkjum Viðreisnar í haust. Listabókstafur Viðreisnar er C og mögulegt framboð Benedikts þá CC. Benedikt, sem sóttist eftir forystusæti á suðvesturhorninu, var hafnað af uppstillingarnefnd, en vill að atkvæði til sín geti nýst Viðreisn.

Ólafur segir kosningalögin lengi hafa boðið upp á að fleiri en einn listi bjóði fram undir merkjum sama stjórnmálaflokks innan hvers kjördæmis. „Atkvæði til dæmis CC lista myndu reiknast með C lista þegar verið er að reikna jöfnunarþingsæti. Að þessu leytinu græðir flokkurinn á því að leyfa tvo lista," segir hann. En önnur hlið er á peningnum. „Það getur verið í hag flokka að neita aukalista til að ýta ekki undir klofningsframboð. Ef þeir leyfi þetta í eitt skipti séu meiri líkur á endurtekningu."

Það var þó ekki alltaf svo að flokkar þyrftu að samþykkja aukalista. Sú regla var tekin upp árið 1968 eftir deilur innan Alþýðubandalagsins í Reykjavík. Formanninum, Hannibal Valdimarssyni, leist ekki á G-listann með Magnús Kjartansson í fararbroddi og bauð fram eigin lista sem átti að vera GG-listi.

„Alþýðubandalagið í Reykjavík vildi ekki að Hannibal fengi að bjóða fram GG-lista og kjörstjórnin í Reykjavík úrskurðaði á þann veg," segir Ólafur. Fór svo að Hannibal bauð fram undir bókstafnum I og náði kjöri. „Landskjörstjórn sneri úrskurðinum hins vegar við. I-listinn skyldi teljast til Alþýðubandalagsins og atkvæði til hans nýtast flokknum við úthlutun jöfnunarsæta."

Eftir að flokkarnir fengu val um að hafna aukalistum hefur það yfirleitt verið gert. Jón G. Sólnes vildi mynda DD lista á Norðurlandi eystra árið 1979, Sigurlaug Bjarnadóttir á Vestfjörðum árið 1981, Eggert Haukdal á Suðurlandi árið 1995 og Kristján Pálsson í Suðurkjördæmi árið 2003. Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði þessu og öll fóru þau í sérframboð undir öðrum merkjum.

Ólafur bendir þó á að aukalisti hafi verið á kjörseðli í eitt skipti síðan 1968. Það var árið 1983 þegar Framsóknarmenn á Norðurlandi vestra heimiluðu þingmanninum Ingólfi Guðnasyni að bjóða fram BB-lista. Ingólfur náði tæplega 12 prósenta fylgi og var mjög nálægt því að verða endurkjörinn. „Þetta vekur nokkra athygli, því að á þessum árum átti Framsóknarflokkurinn aldrei neina möguleika á jöfnunarsæti. Þeir voru með of marga þingmenn miðað við fylgi," segir Ólafur. ■

Benedikt íhugar að bjóða fram CC-lista, fyrst honum var hafnað á C-lista. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það getur verið í hag flokka að neita aukalista til að ýta ekki undir klofningsframboð.

Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmálafræði.

KYNNUM NÝJAN JEEP®
COMPASS
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
• STÆRRI VÉL 240 HÖ
• 360° MYNDAVÉL
• LÁGT DRIF
• LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
• SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
• FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR
NÝ HÖNNUN
NÝ INNRÉTTING
NÝ TÆKNI
NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR
VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI
6.399.000 KR.*
*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.562.000
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS
5 ÁRA ÁBYRGÐ
8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU
PLUG-IN HYBRID
ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
Jeep 4xe

Útsala
40-50%
afsláttur af öllum útsöluvörum
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND

Útsala
40%
afsláttur af öllum útsöluvörum
Mathilda
Kringlunni
Útsala
40-50%
afsláttur af öllum útsöluvörum
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

Útsala
40%
afsláttur af öllum útsöluvörum
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Útsala
40-50%
afsláttur af öllum útsöluvörum
HANZ
KRINGLUNNI

Útsala
40%
afsláttur af öllum útsöluvörum
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
KRINGLUNNI

Allir utanríkisráðherrar Norðurlandanna skrifa undir grein í Euroobserver.

Ráðherrar Norðurlanda lýsa áhyggjum af réttarvernd kvenna og blaðamanna

adalheidur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðherrar Norðurlandanna lýsa áhyggjum af aukinni mótstöðu við grundvallarhugmyndir Evrópuráðsins á sviði mannréttinda. Í sameiginlegri grein þeirra í vefritinu Euroobserver fyrr í vikunni, ítreka ráðherrarnir trú sína á þann grundvöll sem Evrópuráðið var stofnað um í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar fyrir 70 árum; þjóðarétt og mannréttindi, lýðræði og réttarríki.

Þau fagna því að yfir 830 milljónir manna njóti nú réttarverndar Mannréttindasáttmála Evrópu með eftirliti Mannréttindadómstóls Evrópu. Þau lýsa hins vegar áhyggjum, þrátt fyrir jákvæða þróun. Annars vegar sérstaklega af því að grafið sé undan framkvæmd Evrópusamnings um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi. Kynbundið ofbeldi sé alvarlegt mannréttindabrot og nauðsynlegt sé að

> Ráðherrarnir lýsa áhyggjum af fjölgun hótana í garð blaðamanna í heimsfaraldrinum

virða þurfi, framfylgja og styrkja alþjóðaskuldbindingar, til að stöðva það.

Einnig lýsa ráðherrarnir sérstökum áhyggjum af ógnum við fjölmiðlafrelsi og öryggi blaðamanna í Evrópu og víðar. Blaðamenn þurfi að njóta frelsis til að vinna vinnuna sína án ótta við ofbeldi, ógnanir eða áreitni, því án aðgangs að upplýsingum og tjáningarfrelsis, glatist fjölbreytileikinn sem lýðræðið nærist á. „Það er mikið áhyggjuefni að hótanir í garð blaðamanna hafi aukist í heimsfaraldrinum.“ ■

Húshrun útilokað ef viðhaldi er sinnt

arib@frettabladid.is

BANDARÍKIN Litlar sem engar líkur eru á því að fjölbýlishús á Íslandi geti hrunið fyrirvaralaust, eins og gerðist í Miami á Flórída í Bandaríkjunum á fimmtudag í síðustu viku. Alls eru 12 látnir og 149 er saknað, eftir að fjölbýlishús hrundi að hluta að nóttu til. Enginn hefur enn fundist á lífi. Húsið var byggt árið 1981.

Ástgeir Rúnar Sigmarsson, sérfræðingur í öryggi mannvirkja hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, segir að hús hér á Íslandi séu almennt mjög sterklega byggð. „Hús á Íslandi eru hönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Flestar byggingarnar eru hannaðar til að standa af sér mikla veðurofsa, snjó og náttúruvá á borð við jarðskjálfta. Vegna þessara skilyrða eru gerðar ríkar kröfur á hönnun bygginga. Almennt eru hús á Íslandi mjög sterklega byggð,“ segir Ástgeir.

Ástgeir veit ekki til þess að hús í rekstri hafi beinlínis hrunið hér

Varað hafði verið við göllum í hönnun byggingarinnar.

á landi. Hann segir að ef mannvirkjum er vel viðhaldið dragi það úr líkum á frekari skemmdum. „Það er gott að hafa það í huga, ef það eru vísbendingar um að komið sé að viðhaldi, að fá fagaðila til að meta það og veita ráðgjöf hvernig sé best staðið að viðhaldinu.“■

Varnargarðar voru reistir neðst í Syðri-Meradölum, til að freista þess að tefja hraunrennsli niður í Nátthaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kæru vegna varnargarða í Geldingadölum vísað frá

Samtökunum Náttúrugriðum er bent á að snúa sér til Umhverfisstofnunar vegna athugasemda sinna við gerð varnargarða á gosstöðvunum í Geldingadölum. Kæru þeirra vegna varnargarðanna er hins vegar vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sem segir að ekki hafi verið tekin kæranleg ákvörðun í málinu.

gar@frettabladid.is

ELDGOS Kærum samtakanna Náttúrugriða og stjórnarformanns samtakanna persónulega, vegna tveggja varnargarða ofan Nátthaga, var vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Kærurnar, sem voru samhljóða, voru lagðar fram vegna varnargarða sem reistir voru um miðjan maí og áttu að hindra framrás hraunrennslis frá eldgosinu í Geldingadölum niður úr Syðri-Meradölum ofan í Nátthaga. Upphaflega var kærum beint til dómsmálaráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem vísaði málinu til úrskurðarnefndarinnar.

Í kærunum segir að málið varði annars vegar athafnir og hins vegar athafnaleysi. Athafnirnar felist í gerð á varnargörðum í trássi við lög, og athafnaleysið sé að ekki hafi verið sótt um framkvæmdaleyfi og

> Upplýst sé að hópur ráðuneytisstjóra hafi haft einhver afskipti af málum og hafi, að því er virðist, hafnað að leggja blessun sína yfir tillögur sem komið hafi frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.
>
> Úr niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Grindavíkurbær ekki fjallað um það.

„Aðkoma ráðuneyta að þessum athöfnum og athafnaleysi sé enn óskýr af gögnum máls, en upplýst sé að hópur ráðuneytisstjóra hafi haft einhver afskipti af málum og hafi, að því er virðist, hafnað að leggja blessun sína yfir tillögur sem komið hafi frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra um varnargarðagerð við eldgosið í Geldingadölum,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar um innihald kæranna.

„Hvorki liggi fyrir hverjar efnislegar forsendur þessarar ákvörðunar hafi verið, né hvers vegna farið hafi verið gegn áliti hluta sama hóps ráðuneytisstjóra, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar,“ er áfram vitnað til efnisraka kæranna.

Grindavíkurbær segir sveitarfélaginu ekki hafa borist krafa um beitingu þvingunarúrræða vegna framkvæmdanna. Ekki hafi verið sótt um framkvæmdaleyfi og það því ekki verið gefið út. Framkvæmdirnar hafi verið á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

„Bæjarráð hafi hins vegar á fundi sínum 4. maí 2021 bókað, að mikilvægt væri að nýta þær aðstæður sem uppi væru til að framkvæma prófanir á hraunrennslisvörnum að fengnum tilskildum leyfum til þeirra framkvæmda,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar um sjónarmið Grindavíkurbæjar.

Að sögn úrskurðarnefndarinnar var engin stjórnvaldsákvörðun tekin um framkvæmdaleyfi.

„Er því ekki til staðar kæranleg ákvörðun samkvæmt skipulagslögum,“ segir nefndin og vísaði kærunum frá, en benti hins vegar á að Umhverfisstofnun eigi að hafa eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri. Stofnunin hafi eftir atvikum heimild til beitingar þvingunarúrræða. „Kærandi hefur því þann möguleika að vekja athygli stofnunarinnar á hinum kærðu framkvæmdum.“ ■

Breiðir boðskap stjórnarandstöðuafla Belarús út um heim

thorgrimur@frettabladid.is

BELARÚS „Hún hefur verið að heimsækja hvert landið á fætur öðru,“ segir Jón Ólafsson heimspekiprófessor, um stjórnarandstöðuleiðtogann Svetlönu Tsíkhanovskaju frá Belarús, sem er væntanleg til Íslands á opinn fund á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands á morgun. „Það er partur af hennar strategíu að kynna málstað andstöðuaflanna í Belarús og stöðu mála þar fyrir stjórnvöldum á Vesturlöndum, enda hefur hún stuðning mjög víða.“

Svetlana Tsíkhanovskaja bauð sig fram til forseta Belarús á móti einræðisherranum Alexander Lúkasjenkó árið 2020. Samkvæmt opinberum tölum vann Lúkasjenkó afburðasigur, en sú niðurstaða hefur reynst umdeild og hefur leitt til fjöldamótmæla í landinu. Tsíkhanovskaja flúði til Litháen og hlaut þar hæli ásamt börnum sínum í ágúst.

Jón, sem verður þátttakandi í pallborðsumræðum á málfundinum, telur ásetning Tsíkhanovskaju meðal annars vera að hrekja þá mynd sem stjórnvöld í Belarús vilja gefa af ástandinu þar í landi. „Hún vill sannfæra stjórnvöld sem víðast um að það sem er að gerast í Belarús sé ekki einhver fámennur hópur að æsa almenning upp, heldur birtingarmynd mjög djúpstæðrar óánægju með stöðu mála. Ég held líka að það sé mikilvægt fyrir þau að koma fram sem ábyrgur aðili sem sé

Svetlana Tsíkhanovskaja hlaut hæli í Litháen ásamt börnum sínum í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hæfur til að taka við stjórn landsins þótt Lúkasjenkó-stjórnin hrynji. Ef það eru hópar innan stjórnmálaelítunnar sem eru tilbúnir til að veðja frekar á stjórnarandstöðuna, þá er það eitthvað sem skiptir mjög miklu máli.“

„Ísland hefur líka ákveðið orðspor á þessu svæði með viðurkenninguna á Litháen á sínum tíma,“ bætir Jón við. „Þótt það hafi ekki haft nein úrslitaáhrif var það mjög táknrænt þegar Ísland varð fyrst til að taka upp stjórnmálasamband við landið. Það er mjög skynsamlegt fyrir Tsíkhanovskaju að halda uppi áberandi prófíl á alþjóðlegum vettvangi, frekar en að hverfa inn í einhvern hóp sem vekur aðeins athygli þröngs hóps.“ ■

YSL fæst ekki í Spöng

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM YVES SAINT LAURENT
VÖRUM DAGANA 1. - 7. JÚLÍ

HAGKAUP
Snyrtivara

Grípa í taumana til að afstýra bólumyndun

Seðlabankastjóri segir að lækkun veðsetningarhlutfalls sé til þess fallin að koma í veg fyrir að hækkunarfasinn á fasteignamarkaði verði að bólu. Hann segir ljóst að stefna Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum hafi haft áhrif til hækkunar á fasteignaverði.

thorsteinn@frettabladid.is



Seðlabankinn vinnur að því að útfæra sérstakt greiðslubyrðarhlutfall. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir að lækkun á veðsetningarhlutfalli fasteignalána sé forvarnaraðgerð sem ætlað er að koma í veg fyrir bólumyndun, þar sem kaupendur gera ráð fyrir að fasteignamarkaðurinn búi til eigið fé úr engu.

Seðlabanki Íslands kynnti í gær víðtækar breytingar sem varða fjármálafyrirtæki og fasteignamarkaðinn, en breytingunum er ætlað að varðveita efnahagslegan stöðugleika.

Hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda var lækkað úr 85 prósentum í 80 prósent. Hámarkshlutfall fyrir fyrstu kaupendur verður hins vegar óbreytt í 90 prósentum.

„Fasteignaverð hefur hækkað töluvert en það má segja að hækkunin sé í samræmi við þær aðstæður sem eru til staðar. Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa hækkað í kófinu, eiginfjárstaða þeirra er góð og vextir eru mun lægri en áður hefur verið. Við erum setja takmarkanir til þess að hækkunarfasinn verði ekki að bólu," segir Ásgeir.

Fram kom í kynningu fjármálastöðugleikanefndar að takmörkun miðað við 80 prósenta almennt hámark hefði áhrif á 10-12 prósent af veittum lánum, eða 8-23 milljarða króna á ársfjórðungi miðað við síðustu 18 mánuði.

„Lækkun veðsetningarhlutfallsins er ekki hamlandi eins og staðan er í dag, enda viljum við ekki hindra eðlileg viðskipti á fasteignamarkaðinum. Þetta er forvarnaraðgerð," segir Ásgeir og bendir á að aðgerð sem þessi hefði getað komið í veg fyrir fasteignabóluna sem var blásin út eftir árið 2003. Mikilvægt sé að grípa til aðgerða áður en það er um seinan.

„Við erum að setja girðingu til þess að koma í veg fyrir ástand þar sem fasteignakaupendur gera ráð fyrir að markaðurinn búi til eigið fé úr engu. Það er mikilvægt að fasteignamarkaðurinn þjóni fyrst og fremst almenningi, en ekki spákaupmönnum."

Jafnframt hefur fjármálastöðugleikanefnd ákveðið að taka til nánari skoðunar beitingu greiðslubyrðarhlutfalls, til að bregðast við aukinni greiðslubyrðaráhættu vegna óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum. Í kynningu nefndarinnar kom fram að hámark greiðslubyrðarhlutfallsins gæti til dæmis verið 35 prósent almennt, en 40 prósent fyrir fyrstu kaupendur

„Eins og gildir um veðsetningarhlutfallið yrði það ekki hamlandi miðað við stöðuna á markaðinum í dag. Og bankarnir eru tiltölulega íhaldssamir þegar þeir framkvæma greiðslumat," segir Ásgeir.

Aðspurður segir Ásgeir að lækkun veðsetningarhlutfallsins dragi úr þörfinni á því að hækka vexti. Hins vegar hefði verið hægt að komast hjá því að lækka hlutfallið ef betur hefði verið staðið að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.

„Það liggur alveg fyrir, sama hvernig menn snúa því fram og til baka, að sú ákvörðun Reykjavíkurborgar að brjóta ekki nýtt land undir ný hverfi, hefur áhrif á fasteignaverð í allri borginni. En vitaskuld er nægjanlegt rými fyrir nýtt húsnæði til staðar á þéttingarreitum innan borgarinnar – það bara tekur lengri tíma að koma þeim í gagnið. Við gætum horft fram á eitt eða tvö ár þar sem heldur hægir á framboði af nýjum eignum," segir Ásgeir.

„Aftur á móti held ég að framboð fasteigna verði ekki vandamál þegar litið er lengra fram, vegna þess að nægt land er til staðar og verktakabransinn mun taka við sér. Við erum að örva framboð fasteigna með því að halda vöxtum lágum, enda fjármagna verktakar sig gjarnan á breytilegum vöxtum" bætir hann við.

Bankarnir komu mun betur út en gert var ráð fyrir

Fjármálastöðugleikanefnd ákvað að fella brott tilmæli sín um arðgreiðslur fjármálafyrirtækja og kaup þeirra á eigin bréfum. Þá ákvað nefndin að hækka ekki sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki að svo stöddu – hann stendur í núll prósentum – en nefndin telur þó líklegt að fyrr en síðar verði að taka til skoðunar að hækka hann á nýjan leik.

„Bankarnir eru að koma mun betur út en við höfðum gert ráð fyrir. Í ljósi þess hve sterk staða bankanna er, telur fjármálaeftirlitsnefnd óþarft að setja hömlur á arðgreiðslur og endurkaup, en á sama tíma telur fjármálastöðugleikanefnd að bráðlega komi að því að sveiflujöfnunaraukinn verði hækkaður. Það er mun eðlilegra að Seðlabankinn setji lágmarkskröfur um eigið fé, en að bönkunum sé í sjálfsvald sett hvernig fjármunum sem eru umfram kröfurnar er ráðstafað," segir Ásgeir.

Afleiður stuðli að stöðugleika

Nýjar reglur Seðlabankans um afleiðuviðskipti fela í sér verulega rýmkun á fyrri heimildum til slíkra viðskipta. Nánar tiltekið hafa þær í för með sér að öll afleiðuviðskipti verði heimil, óháð tilgangi þeirra, en að heildarumfangi afleiðuviðskipta fjármálafyrirtækja verði þess í stað settar skorður.

„Við erum að setja reglur um afleiður sem eru gegnsæjar, fyrirsjáanlegar og taka mið af heildaráhættu í kerfinu, en fela þó í sér verulega rýmkun á fyrri heimildum. Nú eru öll afleiðuviðskipti heimil, óháð tilgangi, en heildarumfanginu settar skorður," segir Ásgeir. Spurður hvort þessi rýmkun á heimildum til afleiðuviðskipta hafi verið sérstaklega tímasett með tilliti til þróunar efnahagsmála svarar Ásgeir neitandi.

„Það hefur legið fyrir að við þyrftum að ráðast í þessar breytingar, en aftur á móti má segja að kófið og hræringar á gjaldeyrismarkaðinum hafi seinkað vinnunni hjá Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu við að útfæra breytingarnar."

> Það er mikilvægt að fasteignamarkaðurinn þjóni fyrst og fremst almenningi, en ekki spákaupmönnum.
>
> Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

Er rýmkun á slíkum heimildum jákvæð í alla staði?

„Afleiða er bara tæki. Það er mikilvægt fyrir marga aðila í hagkerfinu að geta varið sig fyrir gjaldeyrisáhættu. Og það er mjög mikilvægt að vera með afleiðumarkað til að ná fram stöðugleika þannig að aðilar geti samið um kaup og sölu í erlendum gjaldeyri án þess að hafa áhyggjur af því hvert gengið verður," segir Ásgeir.

„En á sama tíma viljum við ekki að hægt sé að byggja upp risavaxnar afleiðustöður í hagkerfinu sem koma því úr jafnvægi, eins og gerðist fyrir hrun. Við munum fylgjast með afleiðubókum bankanna og hafa stjórn á kerfisáhættu, en létta byrðar á einstökum markaðsaðilum."

Nýjar afleiðureglur eru hluti af lagasetningu um gjaldeyrismál, en í þeim er jafnframt að finna heimild fyrir Seðlabankann, að undangenginni staðfestingu ráðherra, til að setja reglur sem meðal annars geta takmarkað eða stöðvað í allt að 60 daga, tiltekna flokka fjármagnshreyfinga, eða greiðslna milli landa, auk þess að leggja á skilaskyldu erlends gjaldeyris.

„Það sem þessum lögum er ætlað að gera er að gera umgjörð gjaldeyrismála hér á landi einfaldari, skýrari og aðgengilegri," segir Ásgeir og bætir við að hann hafi furðað sig á umræðunni sem skapaðist um breytingarnar.

„Það heyrðist ekkert frá Húsi atvinnulífsins nema eitthvert tuð um að Seðlabankinn hefði allt í einu fengið heimild til að setja á fjármagnshöft. Sú heimild hefur verið til staðar í áratugi. Þessar breytingar leiða til þess að Ísland er tekið af lista OECD yfir lönd sem eru með fjármagnshöft." ■

Rýmri heimildir mælast vel fyrir

thorsteinn@frettabladid.is

Nýjar reglur um afleiðuviðskipti skapa skilyrði fyrir virkari gjaldeyrismarkaði og gera Ísland að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti, að sögn viðmælenda Fréttablaðsins.

Reglurnar, sem fjármálastöðugleikanefnd kynnti í gær, fela í sér verulega rýmkun á fyrri heimildum til slíkra viðskipta. Hafa þær í för með sér að öll afleiðuviðskipti verði heimil, óháð tilgangi, en að heildarumfangi afleiðuviðskipta fjármálafyrirtækja verði þess í stað settar skorður.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, segir ákvörðunina ekki koma á óvart. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika hafi talað fyrir þessum breytingum í nóvember í fyrra.

„Verðmyndun krónunnar hefur verið stopul alveg frá fjármálakreppunni enda velta oft lítil. Þar að auki hefur markaðurinn treyst mjög á inngrip Seðlabankans. Með þessu skapast skilyrði fyrir virkari gjaldeyrismarkað og verðmyndun á gengi krónunnar," segir Konráð.

> Með þessu skapast skilyrði fyrir virkari gjaldeyrismarkað og verðmyndun á gengi krónunnar.
>
> Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

„Það gerir Ísland almennt að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti og við munum vonandi sjá vísbendingar um það með auknum erlendum fjárfestingum í atvinnulífinu, sem hefur sárvantað um langt skeið."

Stefnir Kristjánsson, gjaldeyrismiðlari hjá Landsbankanum, segir það góð tíðindi fyrir hagkerfið að losna við haftastimpilinn, enda megi margir fjárfestar ekki koma nálægt löndum í höftum. Nýju afleiðureglurnar eru hluti af heildarendurskoðun á umgjörð gjaldeyrismála, sem leiðir til þess að Ísland er komið á lista OECD yfir lönd sem eru án hamla á gjaldeyrisviðskipti.

„Til skemmri tíma eru áhrifin ekki mikil, enda hafa flestir þeir sem hafa leitað til Seðlabankans fengið skjót og jákvæð svör. En það eru líka nokkrir sem hafa hætt við, þröskuldurinn að hefja samskipti við opinbera stofnun um fjárfestingaráform hefur reynst of hár," segir Stefnir.

„Væntingar eiga nú greiðari leið inn í verðlagningu á krónunni og markaðsaðilum ætti að fjölga, sem ætti að auka dýpt markaðar. Það ætti að opnast leið fyrir aflandsmarkað með krónuna þar sem erlendir aðilar geta átt viðskipti sín á milli." ■

Þverhníptur Morsárjökull með Morsárfossum, en Morsi er þeirra hæstur og jafnframt hæsti foss landsins. MYNDIR/ÓMB

Risafossar með hvítan dregil

Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og ljósmyndari

Vestan Skaftafellsheiði er Morsárdalur sem er eitt af helstu djásnum Vatnajökulsþjóðgarðs. Sérkenni hans er ljósgrátt líparít sem þekur sléttan dalbotninn og fer sérlega vel við iðagræna birkiskóga beggja vegna Morsár. Vestan árinnar er Bæjarstaðarskógur, einn hávaxnasti birkiskógur á Íslandi, sem lumar á heitri laug sem rúmar tvo í einu. Tígulleg Skaftafellsfjöll rísa upp af Bæjarstaðarskógi en norður af Morsárdal gnæfa fjallstindarnir Þumall og Miðfellstindur og í austur Kristínartindar (1126 m) og nánast ókleifir Skarðatindar. Það er þó Morsárjökull sem stelur athyglinni innst í Morsárdal. Hann steypist næstum 300 m fram af lóðréttu klettastáli og hafa ísfossar smám saman myndað hvítan krosssprunginn dregil fyrir botni dalsins. Á sumardegi þarf ekki að bíða lengi til að sjá jökulís steypast fram af þverhnípinu með miklum drunum og dynkjum. Framan við jökultunguna er Morsárlón sem fer stækkandi vegna hörfunar jökulsins. Hún hefur orðið til þess að árið 2007 komu úr felum risafossar með jökulvatni sem fengu nafnið Morsárfossar. Mældist sá hæsti, Morsi, 227 m hár og voru þá ekki taldir með 10-15 m sem eru á bak við jökulís. Hann varð því hæsti foss landsins og leysti af hólmi 190 m háan Glym í Hvalfirði.

Það er ógleymanlegt að koma í Morsárdal og sjá Morsárjökul í návígi. Gengið er frá þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli yfir Skaftafellsheiði að Sjónarnípu og þaðan ofan í Morsárdal. Þarna er göngubrú yfir vatnsmikla Morsá og því í boði fyrir sprækt göngufólk að kíkja í Bæjarstaðarskóg og jafnvel áfram inn í Kjós, þröngan dal vestur af Morsárdal. Flestir kjósa þó gönguslóða austan megin Morsár inn að Morsárlóni. Þarna sést vel að Morsa og félögum hans, sem umkringdir eru einhverjum stórkostlegasta fjallahring á Íslandi. Ekki er mælt með því að leggja á Morsárjökulinn sjálfan til að komast nær fossunum, enda krosssprunginn og stöðug hætta á ísskriðum. Ganga að Morsárlóni er mest á sléttlendi og tekur daginn, enda í kringum 30 km fram og til baka og enn lengri ef komið er við í Bæjarstaðarskógi. Einnig er hægt að berja Morsárfossa augum ofan af Skorum á Skaftafellsheiði eða af Kristínartindum. Á leiðinni heim er síðan tilvalið að kíkja á Svartafoss sem rammaður er inn af sérlega snotru stuðlabergi. ■

Gengið inn sléttan Morsárdal á bjartri vornóttu. Birki og annar gróður hefur víða náð sér á strik á dalbotninum.

Horft yfir innanverðan Morsárdal og opið á Kjós. Vel sést í Morsárlón en hæsti tindur til vinstri er Miðfellstindur.

Höft og frelsi

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb

Aflétting allra takmarkana á samkomum hér á landi vegna COVID varð fyrr en flestir höfðu leyft sér að vona. Reyndar voru ýmsir orðnir tortryggnir á að yfirvöld hefðu raunverulegan áhuga á að afnema öll höft og myndu ríghalda í einhver þeirra eins lengi og mögulegt væri. Það hefði svo sem ekki komið á óvart ef sagt hefði verið við þjóðina: „Það er ennþá hætta á að veiran láti á sér kræla. Við ætlum því að viðhalda ákveðnum höftum, enda er það ykkur sjálfum fyrir bestu."

Þetta var ekki sagt. Einmitt vegna þess er ástæða til að hella dágóðum skammt af hrósi yfir ríkisstjórn og sóttvarnayfirvöld sem gengu fumlaust til verks og sýndu að þau virða mannréttindi fólks. Þarna gegndu bólusetningar höfuðmáli. Þjóðinni var sagt að bólusetning væri lykillinn að örygginu og frelsinu og þau orð voru ekki bara sögð til að friða fólk, það var meining á bak við þau.

Á sama tíma og fólk var hvatt til að mæta í bólusetningu héldu einhverjir uppi svæsnum áróðri gegn bólusetningum við COVID og eru reyndar enn að. Sumir í þessum hópi eru á móti öllum bólusetningum. Aðrir í hópnum móðgast ógurlega þegar sagt er að þeir séu á móti bólusetningum. Þeir segja það alrangt, þeir séu bara á móti bólusetningum við COVID. Þeir harðneita að viðurkenna þá staðreynd að þessar bólusetningar hafa bjargað ótal mannslífum um allan heim. Segja þær þvert á móti hafa drepið og eiga eftir að drepa. Það er nokkuð óhugguleg að hlusta á þetta fólk sem harðneitar að taka sönsum. Hinu má samt ekki gleyma að þessi hópur hefur rétt á að halda fram skoðunum sínum. Það er hluti af mannréttindum að fá að hafa heimskulegar skoðanir og tjá þær.

COVID-höft urðu til þess að fólk var svipt athafnafrelsi sínu. Stór hópur hneigði höfuð sitt í samþykki og sýndi auðsveipni. Aðrir voru ekki eins þægir og gagnrýndu aðgerðir, eins og nauðsynlegt er að gera þegar einstaklingsfrelsi er skert. Það má vel halda því fram að of hart hafi verið gengið í höftum á COVID-tímanum, en um leið er rétt að hafa í huga að á erfiðum tímum voru ríkisstjórn og sóttvarnayfirvöld að reyna að gera sitt besta. Nú er ekki rétti tíminn til að þrasa við yfirvöld og velta þeim upp úr mistökum sínum. Nú er tími til að hrósa þeim. Mótmæli hóps, sem kallar sig Coviðspyrnuna, á Austurvelli eru því tímaskekkja. Enginn er að leggja við hlustir. Þjóðin er farin út í sumarið til að njóta frelsisins – eins og hún á að gera.

Eðlilegt er að í fyllingu tímans fari fram rannsókn á aðgerðum yfirvalda í COVID, enda á það ekki að vera sjálfsagt mál að hefta frelsi þegnanna. Alltaf er ástæða til að standa frelsisvaktina og nauðsynlegt að vera á verði gagnvart tilhneigingu til að setja á ný höft. Þar verða þingmenn þjóðarinnar að standa vaktina. Sumir þeirra gera það með ágætum, en af einhverjum ástæðum eru þeir nær allir Sjálfstæðismenn.

Í hinum stóra hópi vinstri manna hlýtur að finnast einn réttlátur sem er tilbúinn að gerast kröftugur talsmaður einstaklingsfrelsis. Sá hinn sami er vinsamlegast beðinn um að láta í sér heyra. ■

> Nú er ekki rétti tíminn til að þrasa við yfirvöld og velta þeim upp úr mistökum sínum.

Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Ríkisútvarpið podcast
Opinberu starfsfólki virðist liggja svo mikið á hjarta að það ryðst nú fram í hlaðvarpsþáttum undir merkjum ólíklegustu ríkisstofnana. Stjórnendur hjá Póstinum eru byrjaðir að úttala sig um hversu gaman er hjá þeim í vinnunni í Póstkastinu og Fjölmiðlanefnd er byrjuð að fjölmiðla á fullu með hlaðvarpinu Fjórða valdið. Sukkvarp starfsfólks ÁTVR gæti síðan komið sterkt inn, ef þar yrði fjallað um hóflega ofdrykkju og fylgi fleiri stofnanir í kjölfarið kunna opinberir hlaðvarpsframkvöðlar að hafa fundið fjallabaksleið til þess að halda ríkinu á fjölmiðlamarkaði óháð stöðu RÚV.

Pattstaða
Fjölmiðlanefnd gengur út frá því að sum hlaðvörp séu fjölmiðlar en önnur ekki og er með Fjórða valdinu líklega komin í bullandi samkeppni við þá sem henni er ætlað að hafa eftirlit með. Nefndin þarf sennilega að krefja sjálfa sig skýringa, þar sem starfsreglur hennar kveða á um að það sé skýr vísbending um að miðlun efnis falli undir hugtakið fjölmiðill þegar fjölmiðlaveita hafi af því atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og starfsfólk nefndarinnar tekur tæplega viðtöl við fjölmiðlafólk og sérfræðinga á sviði fjölmiðlunar í frítíma sínum. ■

Blikur á lofti lýðræðis

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

Ógnir sem steðja að lýðræðinu hafa í auknum mæli orðið umfjöllunarefni í samstarfi þeirra ríkja sem við eigum mest sameiginlegt með. „Engum dettur í hug að lýðræði sé fullkomið, raunar er það versta stjórnarfar, sem hugsast getur, fyrir utan allt annað," sagði Winston Churchill forsætisráðherra Bretlands árið 1947, en sú greining gæti allt eins átt við í dag.

Frá lokum nýlendutímans og fram undir síðustu aldamót varð samfelld en hægfara lýðræðisþróun í Afríku og víðar um heim. Stóra stökkið kom svo við hrun járntjaldsins. Þetta var mikið framfaraskeið, sem best sést á því að frá 1960 til aldamóta lengdist meðalævi fólks í heiminum úr rúmum 50 árum í meira en 70 ár. Aðrir mælikvarðar á lífskjör og almennar framfarir vitna jafnframt um að flest hafi þokast í rétta átt.

Þess vegna er það mikið áhyggjuefni að lýðræði sé víða á fallanda fæti. Af hverjum fimm krónum sem varið var til þróunarsamvinnu fyrir tveimur árum, runnu fjórar til ríkja sem ekki rísa undir því að kallast lýðræðisríki. Ári fyrr var hlutfallið 63 prósent. Til að bæta gráu ofan á svart freista sum framlagaríki þess að seilast til áhrifa í veikburða ríkjum með innihaldslitlum loforðum um skjótfengnar framfarir án stjórnarfarsumbóta.

Við megum hins vegar ekki láta hugfallast heldur verðum við þvert á móti að afla gildum okkar fylgis. Víða um heim berst fólk fyrir lýðræði og mannréttindum sem við teljum sjálfsögð. Ein þeirra, Svetlana Tikhanovskaya, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Belarús, heimsækir Ísland í vikunni, en Ísland hefur eins og önnur líkt þenkjandi ríki, gagnrýnt harðlega meingallaðar forsetakosningar þar í fyrra og framgöngu stjórnvalda gegn þeim sem knýja á um sjálfsagðar umbætur.

Alþjóðasamvinna og alþjóðaviðskipti á grunni sjálfbærni verða áfram undirstaða efnahagslegra og félagslegra framfara, en raunveruleg framþróun mannréttinda getur aldrei orðið undir kaldri hönd einræðis. Lýðræðið er þrátt fyrir allt það skásta sem við höfum. ■

> Víða um heim berst fólk fyrir lýðræði og mannréttindum sem við teljum sjálfsögð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Partur af prógrammet, frú Stella?

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Í fyrra yfirgáfu flestir erlendir fjárfestar íslenska fjármálamarkaðinn vegna vantrúar á krónunni. Mörgum þótti því ánægjulegt að sjá erlenda fjárfestingasjóði taka þátt í hlutafjárútboði Íslandsbanka.

Forsætisráðherra og fjármálaráðherra sögðu að þetta sýndi traust útlendinga á efnahagsstjórninni. Í flestum vestrænum ríkjum eru erlendar fjárfestingar einmitt vísbending um að hlutirnir séu í góðu lagi. Það er þó ekki algild regla.

Líta þarf undir yfirborðið

Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skyggnast aðeins undir yfirborðið áður en ályktanir eru dregnar um það mat, sem að baki slíkum fjárfestingum býr.

Erlendir fjárfestar hafa keypt hér verðbréf fyrirtækja og ríkissjóðs í gegnum tíðina. Þeir hafa svo komið og farið eins og vindurinn.

Meirihluti Alþingis heldur því fram að það sé órjúfanlegur hluti af fullveldi landsins að Íslendingar, neytendur og skattborgarar, greiði erlendum áhættusjóðum margfalt hærri vexti en þeir fá í heimalöndum sínum.

Útlendingar hafa því lengi getað stundað hér mjög ábatasöm vaxtamunarviðskipti og líka átt áhættuviðskipti með krónuna.

Fullveldið notað sem afsökun

Hér er fullveldið vitaskuld notað sem afsökun. Raunveruleg ástæða fyrir þessum viðskiptaháttum er allt önnur.

Nokkrir íslenskir einstaklingar og fáein íslensk fyrirtæki hagnast vel á sams konar áhættuviðskiptum. Meirihluti Alþingis er að verja slíka sérhagsmuni gegn hagsmunum almennings og þorra fyrirtækja í landinu. Það er fullveldinu alveg óviðkomandi.

Reyndar mætti fremur segja að það græfi undan fjárhagslegu fullveldi landsins.

Ísland flokkað með Nígeríu

Í þessu ljósi var áhugavert að lesa fréttaskýringu í Kjarnanum nýlega um erlendu fjárfestingasjóðina, sem keyptu í Íslandsbanka. Þar kemur fram mat þeirra á Íslandi og stöðugleika krónunnar.

Samkvæmt Kjarnanum flokkar fjárfestingasjóðurinn RWC Asset Management Ísland sem verðandi nýmarkaðsríki í glærukynningu. Í þeim flokki eru ríki eins og Króatía og Nígería.

Sjóðurinn telur að verðandi nýmarkaðsríki standi að baki löndum eins og Mexíkó og Rússlandi, en margt sé þó líkt með Íslandi og löndum eins og Chile og Argentínu.

Ætla verður að ráðherrarnir hafi lesið þetta mat áður en þeir lýstu ánægju sinni með álit sjóðsins á íslensku efnahagslífi.

Spá um gengishástökk

Reyndar voru aðrir hlutir í mati RWC Asset Management miklu athyglisverðari en þessi flokkun. Í matinu kemur nefnilega fram að sjóðurinn gerir ráð fyrir óbreyttu gengi krónunnar í ár en 7% hækkun á næsta ári.

Ein af forsendunum fyrir hlutabréfakaupunum er sem sagt gengishástökk krónunnar.

Í flestum öðrum vestrænum ríkjum hefði slík frétt hleypt öllu í bál og brand. Fjölmiðlar hefðu varið ómældu plássi og tíma í umfjöllun um málið. Ríkisstjórn og Seðlabanki hefðu stigið fram og gefið sannfærandi yfirlýsingar um að slíkt myndi ekki gerast.

En hér er ekki sagt eitt aukatekið orð. Gerningar af þessu tagi virðast bara vera „partur af prógrammet“ svo ekki sé vitnað í minni mann en Salomon Gustavson í Stellu í orlofi.

Froðuhagkerfi eða verðmætasköpun

Ljóst er að rætist þessi hagnaðarforsenda RWC Asset Management, þýðir það ómælt tap venjulegra, íslenskra útflutningsfyrirtækja. Alveg sérstaklega yrði þetta skellur fyrir viðreisn ferðaþjónustunnar og nýsköpun þekkingariðnaðar.

Ríkissjóður yrði hins vegar í góðu vari með gengisáhættu af miklum erlendum lántökum frá síðasta ári.

> Í flestum öðrum vestrænum ríkjum hefði slík frétt hleypt öllu í bál og brand. Fjölmiðlar hefðu varið ómældu plássi og tíma í umfjöllun um málið.

Þetta lýsir vel þeirri innri spennu, sem ónothæfur gjaldmiðill veldur í íslensku efnahagslífi. Mat RWC Asset Management er dæmi um spennu milli froðuhagkerfis og verðmætasköpunar.

Nú hefur Seðlabankinn fengið heimildir til þess að beita gjaldeyrishöftum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sveiflur af þessu tagi. Væntanlega verður öllum verkfærum bankans beitt og snúningur tekinn á þeirri guðsgjöf sem ráðherrarnir sáu í komu sjóðanna.

Varla verður ferðaþjónustan látin borga þeim 7% gengishagnað ofan á veglega forgjöf ríkissjóðs. Sumir sjóðanna óttast höftin og eru þegar farnir með forgjöfina.

Pottlok á umræðuna

Fyrir sex árum voru Samtök atvinnulífsins virk í umræðu um stöðugan gjaldmiðil fyrir hagkerfi verðmætasköpunar. Nú virka þau eins og pottlok á þá umræðu.

Þessi umskipti eru ekki hjálpleg, nema fyrir þá fáu sem hagnast á froðuhagkerfinu. ■

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR
SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

JAGUAR LAND ROVER

LAND ROVER Discovery 5 TD6 250D
Nýskr. 03/2021, ekinn 5 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 14.490.000 kr.
Rnr. 420702.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

RANGE ROVER Sport HSE P400e
Nýskr. 05/2020, ekinn 14 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 14.490.000 kr.
Rnr. 420689.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

RANGE ROVER Sport HSE Dynamic P400e
Nýskr. 09/2020, ekinn 21 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 15.890.000 kr.
Rnr. 420633.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

JAGUAR E-PACE 150D
Nýskr. 06/2019, ekinn 19 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 5.990.000 kr.
Rnr. 420693.

JAGUAR F-PACE 180D R-Sport
Nýskr. 03/2018, ekinn 49 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 7.690.000 kr.
Rnr. 420726.

JAGUAR I-PACE S EV400
Nýskr. 09/2019, ekinn 26 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 8.990.000 kr.
Rnr. 420725.

APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED
Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM006588

Sturlaðar staðreyndir um 16 liða úrslitin

Aðeins átta lið eru eftir á EM í fótbolta. Stóru þjóðirnar eru dottnar út og leið Englendinga greið í úrslitaleikinn, samkvæmt veðbönkum. Þó fótbolti sé ekki tölfræðiíþrótt er hægt að fletta upp alls konar tölfræði um mótið og 16 liða úrslitin, en þeim lauk með frábærum leik Úkraínumanna og Svía.

8

mörk í leik Króatíu og Spánar, er annar markahæsti leikur EM frá upphafi. Aðeins viðureign Frakklands og Júgóslavíu árið 1960 var með fleiri mörk eða níu talsins, í 5-4 sigri Júgóslava.

3

sinnum hafði leikmaður fengið rautt spjald í framlengingu, þegar Svíinn Marcus Danielson var rekinn í snemmbúið bað fyrir fólskubrot gegn Úkraínu. Sá næstsíðasti sem fékk rauða spjaldið var Nuno Gomes, leikmaður Portúgals árið 2000.

49

metrar voru í mark Spánar þegar Pedri gaf til baka á Unai Simon sem gerir það að fyrsta sjálfsmarki í sögu keppninnar fyrir utan teig.

9

sjálfsmörk hafa verið skoruð á EM, sem er meira en á öllum öðrum EM til samans. Merih Demiral, Mats Hummels, Ruben Dias, Raphael Guerreiro, Wojciech Szczęsny, Lukas Hradecky, Martin Dubravka og Juraj Kucka höfðu einnig skorað sjálfsmörk.

115

mínútur af 360 hefur Jack Grealish spilað fyrir England, en hann er samt stoðsendingahæstur og hefur unnið flestar aukaspyrnur fyrir liðið á mótinu.

1966

var síðast þegar England hélt hreinu í fyrstu fjórum leikjum á stórmóti. Þá unnu þeir HM á heimavelli.

120:37

mældist tíminn á marki Artem Dovbyk. Aðeins Semih Senturk hefur skorað síðar á EM, þegar hann skoraði árið 2008 á 121. mínútu.



25

ár og 12 dagar liðu á milli marka feðganna Enrico og Federico Chiesa á EM. Federico skoraði gegn Austurríki og Enrico gegn Tékkum 1996.

67

ár eru síðan Sviss fór í átta liða úrslit. Síðast þegar það gerðist var árið 1954 þegar Svisslendingar voru á heimavelli.

Meistaradeildin verður sýnilegri

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Streymisþjónustan DAZN og YouTube komust að samkomulagi við UEFA um kaupin á sýningarrétti frá Meistaradeild kvenna til næstu fjögurra ára. Um er að ræða einn stærsta útsendingarsamning í sögu kvennaboltans og verður hægt að sjá alla leiki í beinni eftir að riðlakeppnin hefst. Fyrstu tvö árin verður hægt að fylgjast með öllum leikjunum, 61, í beinni á YouTube frítt, en seinni tvö ár samningsins verða nítján leikir í opinni dagskrá.

Meistaradeildin fer fram með breyttu sniði í kvennaflokki þetta árið. Í undankeppninni er keppst um að komast í sextán liða riðlakeppni, þar sem átta lið fara áfram í útsláttarkeppni. Dregið verður í fyrsta stig undankeppninnar á morgun og eru tvö íslensk lið í pottinum, Valur og Breiðablik, ásamt fjórum liðum með Íslendingum innanborðs. Á seinna stigi undankeppninnar koma inn þrjú Íslendingalið til viðbótar og er Bayern München með Karólínu Leu Vilhjálmsdóttur innanborðs búið að tryggja sér sæti í riðlakeppninni.

Sara Björk vann Meistaradeildina fyrst íslenskra kvenna í fyrra.

Gylfi Sigurðsson, umboðsmaður hjá Total Football sem er með fjölmargar íslenskar landsliðskonur á sínum vegum, þar af nokkrar sem koma til með að gera atlögu að sæti í Meistaradeild Evrópu, tekur undir að þetta sé hluti af jákvæðri þróun kvennaknattspyrnunnar undanfarin ár. „Það var áður búið að samþykkja að auka fjármagnið í tengslum við keppnina. Sú breyting telur verulega fyrir félögin og þetta er jákvæð þróun í framhaldi af því. Með þessu eykst sýnileiki á leikjum liðanna, um leið og liðin eiga auðveldara með að leita á nýja markaði eftir leikmönnum. Um leið er fagnaðarerindi að þetta auðveldar aðgengi almennings að leikjunum," segir Gylfi, aðspurður hvaða þýðingu þessi samningur hefur. ■

PIER

Áður 89.900.-
nú 72.495.-

Áður 149.900.-
nú 120.879.-

Áður 32.990.- nú 26.603.-

Stóll, til í fjórum litum
áður 22.990.-
nú 18.539.-

Áður 12.990.-
nú 10.475.-

Áður 38.990.- nú 31.442.-

Áður 24.990.- nú 20.152.-

Muden borðstofuborð
áður 239.900.- nú 193.455.-

Púðar í miklu úrvali

TAX FREE

af öllum vörum*

Vanilla black
áður 3.290.- nú 2.653.-

Áður 16.900.-
nú 13.628.-

Áður 119.900.- nú 96.687.-

Áður 124.990.-
nú 100.792.-

Toronto 3ja sæta sófi
áður 189.900.- nú 153.135.-

Áður 48.990.-
nú 39.506.-

Áður 38.990.-
nú 31.442.-

Áður 99.990.- nú 80.559.-



Áður 119.990.- nú 96.687.-

*19,36% afsláttur af öllum vörum
gildir ekki með öðrum tilboðum

PIER KORPUTORGI | SÍMI 5227870 | OPIÐ: VIRKA DAGA 11-18:30 LAU OG SUN 12-18| PIER.IS

Merkisatburðir

1992 Aðskilnaður er gerður á milli dómsvalds og umboðsvalds sýslumanna á Íslandi.
1996 Ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins taka gildi á Íslandi. Þau fela meðal annars í sér afnám æviráðningar opinberra starfsmanna.
1997 Ný lögreglulög taka gildi á Íslandi og embætti Ríkislögreglustjóra er búið til.
2000 Eyrarsundsbrúin milli Danmerkur og Svíþjóðar er opnuð.
2000 Kristnihátíðin er sett á Þingvöllum. Færri mæta þar en búist hafði verið við.
2001 Strætó bs. er stofnað með sameiningu Strætisvagna Reykjavíkur og Almenningsvagna.
2003 Íslenskar orkurannsóknir taka til starfa.
2005 Samkeppniseftirlitið tekur við hlutverki Samkeppnisstofnunar á Íslandi.
2008 Hitaveitu Suðurnesja er skipt upp í HS Orku og HS Veitur.
2008 Tækniskólinn er stofnaður í Reykjavík með sameiningu Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík.
2008 Kennaraháskóli Íslands verður Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
2013 Samgöngustofa tekur formlega til starfa.

Sigurður fylgist vel með Reykjanesi og ígrundaði varnir mannvirkja, ári fyrir gos. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

Storknað hraun styrkir garða

Ári áður en eldgosið hófst við Fagradalsfjall í mars, birti Sigurður Oddsson verkfræðingur grein í Bændablaðinu um viðbragðsaðgerðir vegna goss á Reykjaneshaga, líkt og hann sæi það fyrir.

gun@frettabladid.is

„Jarðskjálftahrinur í upphafi síðasta árs á Reykjanesi og fjögurra sentimetra landris við fjallið Þorbjörn, fóru ekki framhjá mér. Jarðvísindamenn voru sammála um að tími væri kominn á gos, sem gæti komið hvar sem væri, en líklegast norðan Grindavíkur," segir Sigurður Oddsson, verkfræðingur og sver af sér alla spádómsgáfu, þó hann hafi strax í febrúar 2020 ritað grein í Bændablaðið með yfirskriftinni: Björgum Grindavík.

„Mér varð hugsað til eldgossins á Heimaey 1973 sem kom fyrirvaralaust – og í framhaldinu til dælingar sjávar á hraunið. Sú framkvæmd skipti sköpum í að verja mannvirki í Eyjum, meðal annars höfnina, því hraunið storknaði og myndaði vegg. Ég sá fyrir mér að hægt væri að byggja á þessari reynslu ef hætta steðjaði að Grindavík og beina hugsanlegum hraunstraumi frá henni, eins og niðurlag greinarinnar í Bændablaðinu lýsir:

„Garður gæti komið norðan og ofan við Grindavík með stefnu suðaustur til sjávar. Ofan á garðinum þyrfti að vera akvegur fyrir trukka. Þá væri hægt að dæla sjó niður á fljótandi hraunið. Jarðvegi austan garðsins væri einfaldlega ýtt upp í hann. Í leiðinni lækkar yfirborðið austan garðsins og myndar farveg fyrir hraunrennsli til sjávar. Það gæti borgað sig fyrir tryggingafélög og sjóði sem bæta náttúruhamfarir að láta hanna svona varnargarð og fjármagna byggingu hans."

Síðustu mánuði hefur Sigurði, að eigin sögn, oft verið hugsað til fyrirlesturs frá námsárunum fyrir 60 árum, um stíflur. „Prófessorinn sagði: „Þið getið slökkt eld en ekki stíflað á. Stíflan fyllist og skemmist nema yfirfall sé sem leiðir vatn úr henni, eða framhjá í farveg neðan við hana." Nú voru byggðir stíflugarðar til að reyna að hindra hraunflæðið á Reykjanesi. Staðan er þannig að hraunið hefur myndað náttúrulegt yfirfall og stefnir til sjávar, sem lengi tekur við þó dalirnir fyllist. Á sama tíma hefur verið sett fram hugmynd um brú yfir, eða jafnvel undir, hraunána. Hver vill keyra fyrstur undir eða yfir?"

> **Lögn frá sjó þyrfti að leggja vestan garðs, þannig að trukkar með dælur gætu keyrt eftir garðinum og tengst við lögnina, ef dæla þyrfti á hraunið.**

Sigurður telur fjármunum betur varið í að dýpka farveg fyrir hraunrennslið til suðurs og ýta upp traustum leiðigarði í þá stefnu. „Lögn frá sjó þyrfti að leggja vestan garðs, þannig að trukkar með dælur gætu keyrt eftir garðinum og tengst við lögnina, ef dæla þyrfti á hraunið. Storknað hraun styrkir garða," bendir hann á og bætir við: „Einhvern tíma hættir hraunrennslið, þá er hægt að tengja Suðurstrandarveg aftur, enda hefur vegur verið lagður gegnum hraun víða á Íslandi." ■

Bróðir minn og frændi okkar,

Axel Thorarensen

Lindasíðu 47, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 20. júní.
Útför hans fór fram 30. júní í kyrrþey, að ósk hins látna.

Helga Katrín Thorarensen
Kai Þórður Thorarensen
Sara Dögg Thorarensen
Linde Marie Thorarensen
Róbert Heiðar Thorarensen

Elskuleg frænka okkar,

Kristín Guðmundsdóttir

áður til heimilis að Hörðalandi 14,

lést laugardaginn 19. júní sl. á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýndan hlýhug og vináttu. Sérstakar þakkir fá þeir sem komu að umönnun hennar síðustu mánuði.

Sigurbjörg Ragnarsdóttir
Bryndís Ragnarsdóttir
og fjölskyldur.

Kær bróðir okkar og frændi,

Sigurður Valgeirsson Þormar

Furugrund 34, Kópavogi,

varð bráðkvaddur 27. júní sl.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 7. júlí, kl. 15.00.

Sigmar Þormar **Alfa Kristjánsdóttir**
Anna Þormar **Auðunn Guðmundsson**
Pétur Þormar

frændsystkini

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Kristinn Hermannsson

Marteinslaug 7, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans 23. júní.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Ragnheiður Bryndís Brynjólfsdóttir
Brynja Guðbjörg Harðardóttir **Daði Kristjánsson**
Ólöf Ragnhildur Ólafsdóttir **Kári Arnórsson**
Jóna Margrét Ólafsdóttir **Hjalti Björnsson**
Bjarney Herdís Ólafsdóttir **Daníel Thor Helgason**
Hermann Jónatan Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Helgadóttir

Þverási 20, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, þann 18. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, 1. júlí kl. 13.

Anna Ingvarsdóttir **Arnór Stefánsson**
Gunnbjörn Þór Ingvarsson
Steinunn Arnórsdóttir **Hjörtur Logi Dungal**
Pétur Arnórsson **Þórhildur Sunna Jóhannsdóttir**
Ingi Steinn Arnórsson **Sólveig Sigurðardóttir**
og barnabarnabörn.

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Stefanía Guðrún Andrésdóttir

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hólmavík, 19. júní.
Útför fer fram í Hólmavíkurkirkju laugardaginn 3. júlí kl. 14. Athöfn verður streymt á facebook-síðu Hrannar Jónsdóttur.

Jón Loftsson
Hrönn Jónsdóttir **Halldór Sigurjónsson**
Andrés Jónsson **Ester Kristinsdóttir**
Haraldur V. A. Jónsson **Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórgunnur Þórarinsdóttir

Kristnibraut 8,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi 24. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 1. júlí kl. 15.

Róbert Árnason
Gerður Róbertsdóttir **Óðinn Jónsson**
Þóra Björk Róbertsdóttir
Róbert Róbertsson
Bryndís, Hrefna, Elvar Snær, Hjörtur Ingi, Haukur Erik

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Höskuldur Erlendsson

húsgagnasmíðameistari og tollvörður,

andaðist 17. júní á Landspítalanum við Hringbraut.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 2. júlí kl. 11.

Ásta Kröyer
Hilmar Höskuldsson **Ástrós Guðlaugsdóttir**
Erlendur Höskuldsson **Sunneva Svavarsdóttir**
Ásta Rún
Jón Ingi
Svavar
Hrafnhildur Fjóla

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 1. júlí 2021

Háir hælar hafa bjargað mér á sviði

Geirþrúður var fjórtán ára þegar hún tók ákvörðun um að verða sellóleikari. Helgina 10. og 11. júlí flytur hún draumaverkin, allar sex sellósvítur J. S. Bach, kl. 16 í Norðurljósum. 2

Sellósvíturnar segir hún krefjandi og skemmtilegar og að þær gefi sér alltaf eitthvað nýtt í hvert sinn sem hún spili þær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR G

Geirþrúður ferðaðist fyrr í sumar kringum landið og flutti sellósvíturnar, sem eru sex talsins á tónleikum á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Dalvík og Breiðdalsvík. „Það var ótrúlega gaman að fá að ferðast um landið, en ég hef aldrei áður farið allan hringinn þó svo ég hafi áður komið á suma þessara staða. Það var líka flott veður allan tíman. sem er alls ekki sjálfgefið á Íslandi.“

Vel var mætt á alla tónleikana og segist Geirþrúður hlakka til að fá að spila í Norðurljósum 10. og 11. júlí. Til þess hlaut hún styrk frá Ýli, Tónlistarsjóði Hörpu fyrir ungt fólk. „Ég er núna að koma mér í gírinn eftir ferðalagið til að spila á næstu tónleikum og mér finnst alltaf mjög mikilvægt að gera eitthvað öðruvísi í hvert sinn sem ég spila og upplifa tónlistina á nýjan hátt.“

Fullkomið verkefni í faraldri

Geirþrúður útskrifaðist vorið 2020 úr tónlistarnámi við Juilliard skólann í New York eftir tveggja ára nám, 26 ára gömul. „Ég var að útskrifast í miðju Covid, sem var náttúrulega frekar sérstakt og setti stórt spurningarmerki við hvað ég vildi gera eftir það. Upphaflega hafði ég hugsað mér að vera áfram í borginni og taka að mér gigg en það var ekki lengur möguleiki.“

Síðastliðnu ári varði Geirþrúður því í Cambridge í Bretlandi, þar sem kærasti hennar er í doktorsnámi. „Þar var lítið hægt að spila með öðru fólki en ég vildi halda mér í formi eftir nám. Því ákvað ég setja mér markmið að læra allar sex Bach svíturnar. Á námstímanum hafði ég kynnst svítunum aðeins og spilað, en aldrei allar í einu. Mig hafði þó dreymt um að tileinka mér þær allar einhvern tíma á lífsleiðinni. Í kjölfarið skipulagði ég tónleikaferð um Ísland, sótti um styrki, nýtti mér sambönd og fleira.

Ég er búin að lifa og hrærast í svítunum í heilt ár en samhliða hef ég tekið að mér lítil verkefni hér og þar í kammertónlist og upptökum. Svíturnar voru fullkomið verkefni til að taka að sér í Covid og það er eiginlega Covid að þakka að mér tókst að lifa þennan draum. Ég var eðlilega svolítið hrædd um að ekkert yrði úr þessum tónleikum, en lukkulega gekk allt upp.“

Botnlausar svítur

Það hefur komið Geirþrúði á óvart á þessu ári að því meira sem hún spilar svíturnar, því meira gefa þær henni til baka. „Ég hef oft fundið fyrir því að þegar ég spila eitthvað lengi, byrjar mér að leiðast það, en það er ekki raunin með svíturnar. Þetta eru sex verk, öll mjög ólík og saman eru þau alhliða krefjandi. Þá hefur mikið verið skrifað um þau og það er mjög fróðlegt að kynna sér það sem aðrir, sem hafa spilað verkin, hafa sagt um þau. Þetta eru í raun botnlausar svítur og mér finnst gott að finna að ég gæti haldið áfram að spila þessi verk. Þau gætu allt eins orðið lífstíðarverkefni fyrir mig.

Uppáhaldssvítan má segja að sé sú sjötta, en sú sker sig úr hópnum þar sem hún er skrifuð fyrir fimm strengja selló. Í dag er hún yfirleitt spiluð á hefðbundið selló með fjórum strengjum, sem gerir hana sérstaklega krefjandi. En mér finnst það bara gera hana enn skemmtilegri. Fimm strengja selló voru vinsæl á barokköldinni en duttu svo úr tísku. Síðustu tuttugu ár hefur fólk verið að kynna sér aftur þessi gömlu hljóðfæri og það er stór draumur hjá mér að fá að spila sjöttu svítu Bachs einhvern tíma á fimm strengja selló, eins og hún var skrifuð fyrir.“

Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir mun leika allar sex sellósvítur Bachs, helgina 10. og 11. júlí í Norðurljósasal Hörpu klukkan 16.00. Hún spilar á franskt hljóðfæri með einstaka sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Áhugalaus nemandi

Geirþrúður byrjaði fimm ára að læra á fiðlu í Suzuki-námi, en entist stutt. „Ég man að ég sá krakka spila á selló og sagði við foreldra mína að þetta væri eitthvað sem mig langaði að gera. Þau höfðu samband við frænda minn, Gunnar Kvaran, sem samþykkti að taka mig að sér sem nemanda þegar ég var sex ára,“ segir Geirþrúður.

Hún segir þó að Gunnar hafi haft orð á því þegar hún var mjög lítil, að hún væri ekki mjög áhugasamur nemandi. „Foreldrar mínir spiluðu mikið klassíska tónlist, en það var svo ekki fyrr en ég varð 14 ára og fékk ipod að ég fékk alvöru áhuga á slíkri tónlist. Ég fór að hlusta á sellóleikara og konserta og komst að því að mér þótti þetta æðisleg tónlist. Þá fóru hjólin að snúast hjá mér og ég fékk mun meira út úr sellótímunum en áður.“

Átján ára gömul fór Geirþrúður í fimm ára nám í Chicago. „Ég var í námi hjá mjög tæknilega krefjandi kennara, sem byggði markvisst upp mína getu. Þetta var mjög gefandi tími og bjó mig vel undir næstu skref, sem var Juilliard.“

Selló með sögu

Sellóið sem Geirþrúður spilar á á sér skemmtilega sögu, en um er að ræða franskt hljóðfæri. „Þegar ég fór út í nám fékk ég sellóið hans Gunnars frænda lánað, en það er sellóið sem hann spilaði á þegar hann kenndi mér. Síðar varð ég svo heppin að fá að eignast það. Sellóið er því fjölskyldugripur og er mér afar kært. Það vekur athygli bæði fyrir fallegan hljóm og útlit, enda er það virkilega vel smíðað. Svo er líka einstakt merki á bakhliðinni á því sem gefur því sérstakan svip.“

Hvað heillar þig við sellóið sem hljóðfæri?

„Það sem heillar mig mest við sellóið er tónninn. Það er eitthvað við tóninn, hvernig maður togar hann fram, hvað hann er djúpur og ríkur. Ég hef alltaf heillast af rómantískri músík, þar sem safaríkir og lýrískir eiginleikar hljóðfærisins fá að skína í gegn, en það er eitt af því sem dró mig að hljóðfærinu þegar ég var ung og það finnst mér alltaf mest heillandi að æfa.“

Alltaf best í buxum

Geirþrúður segir vandmeðfarið að velja fatnað þegar kemur að því að spila á selló á sviði. „Pils eða kjólar geta verið vandmeðfarin, enda mörg hver of þröng, eða of stutt. Mér líður persónulega alltaf best í buxum eða samfestingi og hef því leitað í þannig fatnað fyrir tónleika. Þægindin þurfa að vera í fyrirrúmi og sellóleikari verður að geta hreyft sig á sviðinu, en á sama tíma finnst mér gaman að koma fram í einhverju sem vekur eftirtekt. Ég dregst mikið að fötum sem eru litrík og þá sérstaklega litríkum buxum sem sjást vel þegar ég er að spila. Þá finnst mér dekkri litir fara betur með hljóðfærinu en ljósir, sérstaklega rauðir og bláir litir. Svo finnst mér flott að vera með opið bak sem sést vel þegar ég er að ganga inn á og út af sviðinu. Ég leita að einhverju eftirtektarverðu, þá hvort tveggja í lit og formi.“

> Það er eitthvað við tóninn, hvernig maður togar hann fram, hvað hann er djúpur og ríkur...

„Tískufyrirmynd mín er Emma Watson. Mér hefur alltaf fundist hún mjög smekkleg og það er alltaf eitthvað skemmtilegt og nýtt við það sem hún kemur fram í. Hún vinnur líka með skemmtilegum hönnuðum og mér finnst flott hvernig hún hugsar um áhrif tískunnar á umhverfið og samfélagið. Ein helsta fyrirmynd mín í sellóheiminum er breski sellóleikarinn Jacqueline du Pré. Hún var minn fyrsti innblástur sem sellóleikari. Hún var mjög vinsæl og talin ein af merkustu sellóleikurum allra tíma. Hún var mjög ung þegar hún lést árið 1987, aðeins 42 ára gömul.“

Slysasögur af sviðinu

Geirþrúður segist ekki eiga margar safaríkar tískuslysasögur af sviðinu, þótt oft hafi verið mjótt á mununum. „Við skulum segja að fyrir kvenkyns sellóleikara getur verið varasamt að klæðast einhverju tiltölulega mikið opnu að framan. Þá getur maður átt á hættu að sýna aðeins meira en ætlunin var. Ég hef líka gert þau mistök að koma fram í einhverju sem var of sítt, en ég var eitt sinn mjög nálægt því að detta ofan á hljóðfærið mitt þegar ég var að ganga inn á svið.“

Háa hæla segir Geirþrúður ekki vera vandamál á sviðinu. „Ég er ekki mjög góð í að ganga á hælum dagsdaglega, en þeir hafa mjög oft bjargað mér á sviðinu. Þeir koma sér sérstaklega vel, þar sem ég er frekar lágvaxin. Það er nefnilega þannig að margir stólar sem notaðir eru á sviði eru of háir fyrir mig, og í hælunum þá næ ég betur niður af stólnum.

Á tónleikunum 10. júlí, þegar ég leik fyrri þrjár svítur Bachs, hafði ég hugsað mér að vera í svörtum samfestingi með opið bak og litlu opi að framan í miðjunni. Svo á ég dökkrauðan samfesting sem mun sóma sér vel með hinum þremur svítunum sem eru ögn dramatískari.“

Kynntist sjálfri sér upp á nýtt

„Mér hefur alltaf fundist mjög gefandi að spila kammermúsík, og það er eiginlega hálffyndin áskorun að hafa spilað svona mikið ein síðasta ár og komið fram á sólótónleikum. Ég hafði alltaf hugsað um sjálfa mig sem kammerspilara frekar en einleikara, en þetta ár hefur gefið mér tækifæri til að kynnast sjálfri mér sem einleikara. Í framtíðinni langar mig því að byggja mér upp feril sem sóló- og kammerspilari og það væri alger draumur ef sú ósk rættist.“

Næst á dagskrá hjá Geirþrúði er Artist diplómunám í London, þar sem hún fær einkatíma og tækifæri til að að koma reglulega fram. „Svo verð ég á flakki á milli London og New York, þar sem ég kem fram með strengjakvartetti sem við stofnuðum nokkur saman úr náminu í Juilliard. Svo mun ég koma reglulega heim til Íslands og spila og hitta fjölskylduna.“ ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

VORÚTSALA
30-50% afsláttur

www.hjahrafnhildi.is

- Sendum um allt land
- Frí heimsending yfir 15.000 kr.
- Heimakstur samdægurs á höfuðborgarsvæðinu

Fann innblástur í gömlum myndum

Jóhanna Vigdís Ragnhildardóttir útskrifaðist sem fatahönnuður frá hinum virta Scandinavian Academy of Fashion Design í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum dögum. Hún á sér framtíðardrauma í hönnun á Íslandi og stefnir á eigið tískumerki.

Þegar Jóhanna Vigdís er beðin að útskýra þessa mynd, svarar hún: „Dragtin er frá Gala, verkefni sem gekk út á mannslíkamann, þar sem ég skoðaði rifbeinin og hvernig ég gæti hannað dragt sem væri eins og annað lag á konuna í henni."

Jóhanna Vigdís er nýútskrifuð úr fatahönnun frá Kaupmannahöfn og hlakkar til að koma heim og starfa við íslenskan hönnunarmarkað. MYNDIR/AÐSENDAR

Hönnun Jóhönnu Vigdísar; lokaverkefni á öðru ári í náminu, en hún var innblásin af íslenskri náttúru og útlínum landsins.

Náttúra Íslands var sömuleiðis innblástur í þessu verkefni.

Elín Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Jóhanna Vigdís segist alla tíð hafa haft áhuga á hönnun enda alin upp við listræna sköpun. Afi hennar, Hjalti Geir Kristjánsson, er einn af okkar þekktustu húsgagnahönnuðum. „Þetta er í blóðinu," segir hún, en Jóhanna Vigdís teiknaði og saumaði árshátíðarkjóla fyrir vinkonur sínar í menntaskóla. „Það er mikill áhugi á listsköpun í minni fjölskyldu og tískan er þar ekki undanskilin. Mér fannst til dæmis alltaf mjög skemmtilegt að horfa á mömmu klæða sig upp þegar ég var yngri og það kveikti sannarlega áhuga á fatahönnun," segir hún, en móðir hennar er Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri.

Skemmtilegt og krefjandi nám

„Ég hef lengi dundað mér við að hanna og sauma. Var aðeins viðloðandi fatabransann á Íslandi en langaði að vita meira um efni og vandaðar flíkur. Það má segja að áhuginn sé víðtækur og nái á öll svið fatahönnunar," segir Jóhanna Vigdís, þegar hún er spurð hvers vegna leiðin hafi legið í þessa átt. „Ég er mjög ánægð með að hafa komist í skólann í Kaupmannahöfn, því maður fær að vinna náið með kennurunum. Ég fékk mjög góða leiðsögn og svör við öllum þeim spurningum sem brunnu á mér. Það er strangt ferli að komast inn, meðal annars þurfti ég að skila inn nákvæmum teikningum. Þetta er þriggja ára nám og bæði skemmtilegt og krefjandi. Námið byggir á saum, hönnun og nákvæmri rannsóknarvinnu sem mér finnst afar áhugaverð, meðal annars að finna innblástur til verka og teikna skissur," segir Jóhanna Vigdís, en hún fékk jafnframt nokkur verkefni sem unnin voru með starfandi hönnuðum í Danmörku. Meðal þeirra var Maja Brix og The Organic Company. „Þá fengum við innsýn inn í veröld hönnuða, hugsunarhátt og markaðssetningu."

Umhverfisvernd í hávegum höfð

Jóhanna Vigdís segir að mikil áhersla hafi verið lögð á umhverfisvernd í náminu. „Á hverju ári skiluðum við lokaverkefni og þurftum að útskýra hvernig verkefnið félli að umhverfisstefnu og -vernd. Í lokaverkefninu mínu lagði ég áherslu á árin 1950-70. Innblásturinn kom frá fjölda mynda sem ég fann í sumarbústað fjölskyldunnar. Amma mín Sigríður Theodóra Erlendsdóttir var líka stór innblástur að lokaverkefni mínu. Í framhaldinu horfði ég til þessara ára varðandi tísku, hvernig fólki leið á myndunum og ekki síst hvernig gamlar myndir varðveita augnablikið og frysta það. Ég hannaði nokkrar flíkur, ein þeirra leit út fyrir að vera innrömmuð á meðan önnur virtist frosin. Þannig tengdi ég saman tísku og mynd á filmu. Það var mjög gaman að vinna þetta verkefni og eiginlega skrítið að því sé lokið. Þar sem ég var ekki fædd á þessu tímabili tók það mig langan tíma að setja mig inn í tíðarandann en það var áhugavert," útskýrir hún.

Íslensk hönnun á mikilli uppleið

Leiðin liggur nú aftur til Íslands en Jóhanna Vigdís hefur hug á að vinna við hönnun sína hér á landi. „Tískuheimurinn er fjölbreyttur og mörg svið sem hægt er að starfa við. Í fyrstu ætla ég því að grípa það sem gefst og læra meira. Í framtíðinni langar mig að vinna sjálfstætt og skapa mitt eigið merki. Það verður áhugavert að kynnast íslenska hönnunarheiminum, sem er farinn að vekja mikla athygli og eftir er tekið. Ég hef orðið vör við það í Kaupmannahöfn. Ég fór í starfsnám á Íslandi í september hjá hönnuðunum Magneu Einarsdóttur og Anítu Hirlekar, sem gaf mér innsýn inn í þeirra heim. Mikil gróska er í íslenskri hönnun sem gaman verður að taka þátt í og ég hlakka mikið til að fylgjast með Hönnunarmars á næsta ári."

Mikil gleði í Köben

Síðasta ár hefur verið heldur óvenjulegt í alþjóða tískuheiminum vegna COVID og lítið um sýningar nema á netinu. Jóhanna Vigdís segist hafa fylgst með tískuvikunni í Kaupmannahöfn í tölvunni. „Mér fannst það allt í góðu, því hægt var að fylgjast sérstaklega vel með öllu og jafnvel horfa aftur," segir hún. „Annars hefur COVID-tíminn verið skrítinn hér í Danmörku. Kaupmannahöfn er lifandi borg og fólk er vant því að njóta lífsins með vinum. Ég tel að samkomutakmarkanirnar hafi tekið meira á Dani en Íslendinga. Núna er allt að springa út, mikil gleði í loftinu og fólk þakklátt fyrir að fá frelsið aftur."

Þegar Jóhanna Vigdís er spurð hvort hún eigi sér einhverja uppáhaldshönnuði sem hún líti upp til, svarar hún: „Já, Donna Karan, Stella McCartney og Max Mara eru allt merki sem höfða sterkt til mín. Þessi merki leggja öll áherslu á sterka kvenímynd og falleg snið sem ég heillast af." ■

> **Mikil gróska er í íslenskri hönnun sem gaman verður að taka þátt í.**

Dragt úr útskriftarverkefni sem var innblásið af gömlum „slæds" myndum af fjölskyldu hennar.

Hönnun fyrir útskriftarverkefnið.

Þessi klæðnaður er einnig innblásinn af gömlum tíma í útskriftarverkefninu.

Gleðilegt dótasumar!

KiDS

COOLSHOP

1159848
PLAYFUN POLE TENNIS (8616)
4.499

1141468
PLAYFUN - DIGGER (5057)
5.999

24408
VINI FOOTBALL GOAL 183x122 CM
6.999

24003
VINI - SMALL PLASTIC FOOTBALL
899

Smáratorg - Opið mán.-fös. 10-19, lau. 10-18 og sun. 12-18

Glerártorg - Opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-17 og sun. 13-17

Sápukúlur

KiDS

COOLSHOP

1141436
PLAYFUN - BUBBLE GUN WITH LIGHT (1701)
1.299

440611
WALKIE TALKIE SPECIAL FORCES (HM230GN)
9.999

440610
WALKIE TALKIE POLICE (HM230BN)
9.999

1159841
PLAYFUN - FISHING NET (6810)
699

TY043
DISNEY WOOD MICKEY RING TOSS GAME
2.999

1141455
PLAYFUN - DART GAME (3604)
1.299

1159847
PLAYFUN -CATCH BALL (8461)
1.299

1159845
PLAYFUN - POP-UP SET WITH 2 PCS (8028)
999

1159839
PLAYFUN - MINI GOAL 81,5x54x31 CM (5317)
5.499

1141465
PLAYFUN - LAWN MOWER BUBBLE MACHINE (1732)
2.799

1159835
PLAYFUN 15 CHALKS (3195)
799

1141463
PLAYFUN - JUMPING ROPE W/PURPLE HANDLE (6492)
599

Sápukúlur

Smáratorg - Opið mán.-fös. 10-19, lau. 10-18 og sun. 12-18

Glerártorg - Opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-17 og sun. 13-17

83120
PEPPA PIG 3-HJUL LOBEHJUL
9.999

83112
PP 3-WHEEL LOBEGJUL 20 KG
9.999

22503 / 95-SV15399 / 95-SV15401
SCOOTER, NEBULUS
BLACK WITH PINK OR BLUE
/ GREEN / YELLOW
7.999

1141447
PLAYFUN
SCOOTER - BLACK (6173)
12.999

1170322
NEBULUS
BIG WHEELS SCOOTER
(115-SV20677)
12.999

1145137
OUTSIDERS
DELUXE SAFETY EQUIPMENT SET
WRIST, KNEE, ELBOW (XS)
2.999

396552 / 396551 / 396550 / 396554
DISNEY PRINCESS / FROZEN II /
PEPPA PIG / SPIDERMAN
SAFETY HELMET
5.999

72947
LITTLE TIKES
GIANT SLIDE EVERGREEN (401220)
14.999

401216 / 401217
LITTLE TIKES - FIRST SLIDE
PINK / BLUE
9.999

1141469
PLAYFUN
OCTOPUS SPRAYER (9251)
1.999

51009
BESTWAY - CORAL KIDS POOL
F1.22MxH25CM
2.499

51004
BESTWAY - DEEP DIVE 3-RING POOL
F1.52MxH30CM
3.999

1141448
PLAYFUN
WATER SHOOTER
(45 CM) (6529)
499



26029
BESTWAY - HYDRO-SWIM
SQUIGGLE WIGGLE DIVE FISH A
699

Smáratorg - Opið mán.-fös. 10-19, lau. 10-18 og sun. 12-18

Glerártorg - Opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-17 og sun. 13-17

Allt fyrir sandkassann og teboðið!

KiDS COOLSHOP

– fyrir börn sem vita hvað þau vilja

Smáratorg - Sími 550 0800
Opið mán.-fös. 10-19, lau. 10-18 og sun. 12-18

Glerártorg - Sími 461 4500
Opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-17 og sun. 13-17

Verð gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur.

KEEN sandalar fyrir sumarið

Venice ♀
Lokað hælband og tá

16.990 kr.

Stingum af ...

Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá

17.990 kr.

Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá

15.990 kr.

Elle Backstrap ♀
Úr endurunnum efnum

14.990 kr.

Clearwater CNX ♀
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

Terradora II ♀
Léttir, stillanlegir við ökkla og tær

15.990 kr.

Newport ♂
Gott grip, lokuð tá

20.990 kr.

Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá

18.990 kr.

Targhee Open Toe Sandal ♂
Stillanlegur á 3 stöðum

16.990 kr.

Clearwater CNX ♂
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opið virka daga 10:30-18 og laugardaga 11-15

Ný lína væntanleg frá stórleikkonu

Leikkonan Scarlett Johansson markaðssetur snyrtivörumerki snemma á næsta ári. Hún gefur lítið upp um línuna en undirbúningur hefur staðið yfir í nokkur ár.

sandragudrun@frettabladid.is

Scarlett Johansson mun gegna hlutverki stjórnarformanns snyrtivörufyrirtækisins. Hún hefur þegar fengið gamalreyndan tískufrumkvöðul, Kate Foster, til að reka fyrirtækið og gegna hlutverki framkvæmdastjóra.

Með stofnun fyrirtækisins mun leikkonan bætast í hóp fjölda frægra kvenna sem hafa sett snyrtivörumerki á markað. Má þar nefna Gwyneth Paltrow, Jessica Alba, Kylie Jenner, Kim Kardashian og Rihanna, sem allar hafa byggt upp snyrtivörufyrirtæki með góðum árangri.

Leikkonan sagði í yfirlýsingu að nýja merkið hennar, sem er styrkt af Najafi Companies, sömu fjárfestum og eru á bak við merki Tracee Ellis Ross, Pattern Beauty og merki Millie Bobby Brown, Florence by Mills og fleiri merkja í eigu stórstjarna, muni bjóða upp á hreina og aðgengilega nálgun að fegurð. Að öðru leyti hafa Scarlett og Kate Foster ekki gefið mikið upp um nýju vörulínuna.

Scarlett segist sjálf hafa verið heilluð af krafti fegurðar frá því hún var barn. Hvernig hún getur umbreytt fólki. En móðir hennar innrætti Scarlett frá unglingsaldri, mikilvægi þess að hugsa vel um sjálfa sig.

Fjölhæf fyrirmynd

Scarlett hefur verið eftirtektarverð leikkona frá unga aldri og hún hefur vakið athygli fyrir fágaðan stíl á rauða teppinu. Hún klæðist oft kjólum sem minna á stíl leikkvenna frá gullaldarárum Hollywood og toppar útlitið með rauðum varalit.

Fjölhæfni Scarlett Johansson sem leikkonu hefur haldið henni á toppnum í Hollywood í mörg ár. Frá því hún byrjaði að leika tíu ára gömul hefur hún tekið að sér hlutverk í alvarlegum myndum á borð við Lost in Translation, til rómantískra gamanmynda eins og He's Just Not That Into You, og hasarmynda eins og The Avengers. Hún hefur einnig verið áberandi í tískuheiminum, en hún hefur verið andlit herferða fyrir Dolce & Gabbana og verið á forsíðum fjölmargra tískutímarita.

Það virðist vera sem þessi hæfileikaríka kona geti ekki stigið feilspor og því má vænta þess að nýja snyrtivörulínan hennar eigi eftir að slá í gegn, líkt og flest annað sem hún gerir. Nýjasta mynd hennar, Black Widow, verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi þann 7. júlí. ■

Leikkonan hæfileikaríka hefur vakið mikla athygli fyrir glæsilegan og fágaðan klæðnað á rauða dreglinum.

Scarlett Johansson er fjölhæf leikkona sem er núna að undibúa nýja snyrtivörulínu. Línan verður sett á markað snemma á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Scarlett var mjög ung þegar hún fór að vekja athygli á rauða dreglinum. Hér mætir hún á frumsýningu Ghost World árið 2001, þá 16 ára.

Scarlett segist alltaf hafa heillast af áhrifamætti fegurðar.

ES&SY Sanneke kjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.980

IVY BEAU Ricky Gallajakki
Stærðir 36-44
Verð kr. 12.980

GOZZIP Elise
Síður Hlýrakjóll Með Pífu
Stærðir 40-56
Verð kr.14.980

ZE-ZE stuttbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð kr. 7.990

ZE-ZE hnébuxur
Fást líka í hvítu og bláu
Stærðir 36-48
Verð kr. 7.990

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic OPHILIA

YESTA Janelle peysa
Stærðir 44-54
Verð kr. 9.980

YESTA Ashlie
Gallabuxur fást líka í gráu
Stærðir 44-52
Verð kr. 15.980

ZHENZI Twist síðbuxur
Fást í nokkrum litum
Stærðir 42-58
Verð kr. 7.990

ZHENZI Twist kvartbuxur,
fást líka í svörtu, beige og bláu
Stærðir 42-58
Verð kr. 6.990

ZHENZI Gallakvartbuxur
Stærðir 42-52
Verð kr. 7.990

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN Tamaris Handberg Jana

STUDIO Berit Stuttermabolur
Stærðir 40-56
Verð kr. 11.980

STUDIO Tanja Tunika
Stærðir 40-56
Verð kr13.980

YESTA Abernathy Essential
Blámynstraður Kjóll
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

ZHENZI leggings með krumpu
Fást líka í hvítu og svörtu
Stærðir 42-58
Verð kr. 4.990

ZE-ZE pils með buxum undir
Fæst i nokkrum litum
Stærðir 36-48
Verð kr. 6.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPAR bíll

Chrysler Pacifica Limited Hybrid. 5/2017 ekinn aðeins 62 þ. Km. 7 manna. Uppgefin drægni 53 km. á rafmagni. Leðursæti. Rafdrifnar hurðir og skott lok. Ofl. Ofl. Verð: 6.490.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940

Krabbagildrur
Aðeins 3.950.kr



Eigum einnig til fleiri gerðir á lager!

www.veidiportid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

3ja herbergja íbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu, laus fljótlega. Bílskúr með bílastæði getur fylgt. Uppl. í síma 8456140.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Fundir

AÐALFUNDUR FLUGFÉLAGSINS GEIRFUGL EHF
verður haldinn í Fluggörðum 25, 101 Reykjavík, mánudaginn 12. júlí 2021, klukkan 20:00. Dagskrá í samræmi við 14. gr. samþykkta félagsins.
Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.geirfugl.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

job
Finnum draumastarfið saman
Erum við að leita **að þér?**

Glæsilegt 270 fm einbýlishús neðan götu á einstökum útsýnisstað við náttúruparadísina í Grafarholtinu

- Húsið er einstaklega vel skipulagt með stórum fallegum garði sem er í hásuður.
- Fallegar gönguleiðir í næsta nágrenni m. a. við Reynisvatn og golfvöllinn í Grafarholti.
- 4-5 svefnherbergi eru í húsinu.
- Lóðin er 811 m² með pöllum og hellulögn en að öðru leyti með grasi og fallegum gróðri.
- Heitur pottur er í garði fyrir framan hjónasvítu.
- Húsið er hannað af arkitektastofunni Úti og Inni.

Nánari upplýsingar:
Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Glæsilegt iðnaðarbil eða dótakassi

- Innkeyrsluhurð 3 x 3 m ásamt gönguhurð við hliðina
- Stærð 65,3 fm, vinnusal, starfsmanna aðstöðu, kaffistofa og snyrtingu
- Mikil lofthæð og möguleiki á að gera millipall ef vill
- Vélslípað gólf og þakgluggar
- Tveir gámar fygja
- Sér hiti og sér rafmagn
- Ekki er starfandi húsfélag
- Hiti í stétt fyrir framan

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **33,5 millj.**

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALAND
Belti og undirvagnshlutir - fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is

FINNUR ÞÚ GULLMIÐANN?

Er kominn ferðahugur í þig?

Við erum búin að fela **þrjá gullmiða** í rjómasúkkulaðinu okkar. Gullmiðinn gæti því leynst með uppáhalds súkkulaðinu þínu og þú gætir unnið **100.000 kr. ferðavinning frá Icelandair**!

Sírius rjómasúkkulaði, gulli betra!

ICELANDAIR

Veðurspá Fimmtudagur



Sunnan og suðvestan 5-13 m/s, en 13-20 við fjöll á norðan- og norðvestanverðu landinu. Þokusúld eða rigning með köflum vestanlands en léttskýjað austanlands. Hiti 12 til 26 stig, hlýjast í innsveitum á Austurlandi. ■

Í kvöld á Hringbraut

Ég þurfti að lækka flugið

Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson segir hispurslaust frá ævintýralegum knattspyrnuferli sínum í einlægu samtali við Sigmund Erni í kvöld og dregur ekkert undan í lýsingum sínum á keppnishörkunni, táningsárunum í atvinnumennsku þegar oft var grátið í símtölunum til mömmu, glaumgosalífinu í Coventry, takið sem hann tók sér, stóru ástinni sem bjargaði honum – og frá því hvernig hann ætlar að klára ferilinn í Þórsbúningnum.

Mannamál á Hringbraut í kvöld kl. 19:00 og 21:00

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

HRINGBRAUT

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Levon Aronian (2781) átti leik gegn Daniil Dubov (2714) á Goldmoney Asia Rapid á Chess24.

43. Hxh7+! 1-0. Svartur er óverandi mát í fjórum leikjum. Átta manna úrslitum mótsins lauk í gær og undanúrslit hefjast í dag. Gauti Páll Jónsson vann sigur á þriðjudagsmóti TR í fyrradag. Ný alþjóðleg skákstig koma út í dag!

www.skak.is: Goldmoney-mótið. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 FNÆSA
5 KOPAR
6 ÁTT
8 BRÁKA
10 Í RÖÐ
11 STILLTUR
12 SKORÐUR
13 PLUSS
15 RÖLTIR
17 ÞYRPING

LÓÐRÉTT
1 MÆLIEINING
2 TÍMABIL
3 HEIÐUR
4 MÓTMÆLI
7 FISKUR
9 TOSA
12 TRYGG
14 YFIRBREIÐSLA
16 ÁKEFÐ



LÁRÉTT: 1 hvæsa, 5 eir, 6 nv, 8 skadda, 10 tu, 11 rór, 12 höft, 13 fíos, 15 lallar, 17 klasi.
LÓÐRÉTT: 1 hestafli, 2 viku, 3 æra, 4 andóf, 7 vartari, 9 drósla, 12 holl, 14 lak, 16 as.

Sudoku

	1	3	9				6	
2			7	4	8		9	1
8		4						2
		6		7				8
5						4		
			2	8	4	9	5	
	5			1		2	4	3
		1	4	5				9
	8		6					

				7	4			
8				9			2	
		4				3		9
			7			9	4	
9								2
		7	8	1		5		
7		9	4		2			8
	5			8		4		
4			9		6		3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Cauda Collective gefur út plötu.

Útgáfutónleikar Cauda Collective

kolbrunb@frettabladid.is

Í tilefni þess að tónlistarhópurinn Cauda Collective gefur út sína fyrstu hljómplötu, Adest Festum, verður tónlistin af plötunni flutt í heild sinni í Mengi þriðjudagskvöldið 6. júlí 2021 kl. 21.00.

Adest Festum er ný útsetning og frjáls túlkun á elsta varðveitta nótnahandriti Íslands, Þorlákstíðum. Verkið, sem varð til í Skálholti sumarið 2020, er í 20 köflum fyrir fiðlu, víólu, selló og baritónfiðlu.

Í Cauda Collective eru: Sigrún Harðardóttir fiðluleikari, Þóra Margrét Sveinsdóttir víóluleikari og Þórdís Gerður Jónsdóttir sellóleikari. ■

Sigurður Flosason.

Siggi Flosa og Ari Bragi á Jómfrúnni

kolbrunb@frettabladid.is

Á tónleikum sumarjazztónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu, laugardaginn 3. júlí, kemur fram kvintett saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar og trompetleikarans Ara Braga Kárasonar. Agnar Már Magnússon leikur á píanó, Nico Moreaux á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Fluttur verður göróttur kokteill jazzstandarda frá ýmsum tímum. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Aðgangur er ókeypis. ■

Opnar sig upp á gátt í myndlistinni

Halldór Ragnarsson sýnir verk á sýningunni Tungumálið sem ég græt við, í Listamönnum Galleríi á Skúlagötu.

kolbrunb@frettabladid.is

„Ég er að sýna afrakstur vinnu minnar á Covid-tímanum," segir Halldór. „Sýningin heitir Tungumálið sem ég græt við, en myndlistin er tungumálið sem ég vinn með. Þessi sýning er því óður til myndlistarinnar, sem fær mig til að opna mig. Ég er nokkuð innhverfur í einkalífi en næ að opna mig upp á gátt í myndlistinni. Í því felst ákveðin mótsögn sem ég er að fást við hér."

Hann segir að þótt verkin hafi verið unnin í Covid þá fjalli sýningin ekki um það tímabil. „Skilaboðin í þessum verkum eru þau að lífið heldur einfaldlega áfram og ég held áfram að vera myndlistarmaður alveg eins og smiður heldur áfram að vera smiður."

Lætur allt flakka

Á sýningunni eru fjórtán verk, málverk og tréverk, sem eiga það svo að segja öll sameiginlegt að í þeim eru margendurtekin orð og setningar. „Ég skrifa dagbók á hverjum degi og þessir textar minna svolítið á slík skrif þar sem ég læt allt flakka," segir Halldór. Einn textinn sem er margendurtekinn í einu verkinu er: „Ég er ekki að leita að neinu." Halldór bendir á að í þessum orðum sé mótsögn. „Bara við að skrifa þessa setningu hundrað sinnum, þá bendir það einmitt til að ég sé auðvitað að leita að einhverju."

Sem dæmi um aðra texta sem finna má í verkum hans eru: „Bara svona og ekkert í viðbót" og „Hvar varstu? Trúi þér ekki".

„Þessi sýning er því óður til myndlistarinnar," segir Halldór. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

> Skilaboðin í þessum verkum eru þau að lífið heldur einfaldlega áfram.

Spurður um umfjöllunarefnið í verkunum segir Halldór: „Ég er að fjalla um minn hversdag sem er ekkert merkilegri en þinn. Setningarnar í verkunum eru eins og abstrakt málverk, þær vísa ekki í neitt sérstakt fyrir áhorfandann en fyrir mig eru þær auðvitað persónulegar og ég er að opna á minn heim í þeim."

Minna á háhýsi

Tréverkin á sýningunni minna nokkuð á háhýsi. „Það mætti alveg kalla þau tungumálaborg," segir Halldór. „Við gerð þeirra nota ég við og mála á hann og skrifa síðan textann. Verkin verða um leið eins og kraðak af alls konar hugsunum sem missa sitt vægi með tímanum, alveg eins og hugsanir gera almennt."

Tungumálið sem ég græt við er tólfta einkasýning Halldórs, en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis.

Sýning Halldórs stendur til 11. júlí. ■

Víðförull Prins er í vinnslu

kolbrunb@frettabladid.is

Prinsinn eftir Kára Viðarsson og Maríu Reyndal, í leikstjórn Maríu Reyndal, er verk sem nú er í vinnslu. Í fyllingu tímans verður það frumsýnt í Frystiklefanum á Rifi. Verkið verður einnig sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og víðar um landið, og að endingu í Þjóðleikhúsinu. Leikferðin er liður í auknu samstarfi Þjóðleikhússins við leikhús á landsbyggðinni.

Átján ára menntaskólastrákur er staddur á Laugaveginum í leit að töffaralegum fötum. Síminn hringir, þetta er sæta stelpan sem

María Reyndal og Kári Viðarsson sömdu saman leikritið Prinsinn.

var að vinna á Prinsinum í sumar. „Ég er ólétt. Þú ert að verða pabbi." Andstæðar tilfinningar sækja að honum næstu mánuði. Ungi maðurinn ákveður síðan með sjálfum sér að verða heimsins besti pabbi. En þá kemur skyndilega í ljós að hann er ekki sá eini sem kemur til greina sem faðir barnsins.

Tuttugu árum síðar, þegar ungi maðurinn er orðinn leikari og rekur lítið leikhús á landsbyggðinni, sest hann niður með leikstjóra og þau skoða þetta mál saman. Þau taka viðtöl við fólkið sem kemur við sögu. Ýmislegt óvænt kemur í ljós. ■

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Allt að 50% afsláttur

Hefst í dag

ÚTSÖ

Sumarblóm 25-50% • Trjáplöntur og runnar 25-50% • Útipottar 25%

Fjölærar plöntur 30% • Kryddplöntur 25% • Garðstyttur og garðskraut

Bensínsláttuvélar 25% • Orf og hekkklippur (Ikra) **20% • Hand-**

Greinakurlarar (Ikra) **20% • Stanley loftpressur 20% • Frystikistur** (Frigor) **15% •**

Útimálning 25% • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld 30% • Hnífar 30% • Ma

Bökunarvörur 30% • Pottar, pönnur og hitakönnur 30% • Regnföt 30

Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) **20% • Gúmmístígvél og gúmmískór 25%**

Lofta- og veggjapanill 20% • Plastbox 25%

RISA útsölublað

husa.is

ALLA

• Nexgrill gasgrill 25% • Matjurtir 50% • Útipottar og svalakassar 25%
25% • Vökvunarkönnur 25% • Garðhúsgögn 25% • Keðjusagir 25%
og rafmagnshekkklippur 25% • Bensín- og rafmagnsorf 25%
• Slönguhjól (Claber) 30% • LADY innimálning 20% • Viðarvörn og pallaolía 25%
tarstell, glös og könnur 30% • Eldhúsáhöld 30% • Hreinlætisvörur 20%
% • Vinnufatnaður 25% • Barnabílstólar 30% • Vinnuhanskar 20%
% • Öryggisskór og öryggisstígvél 20-30% • Endurvinnslutunnur 25%
• Leikföng 25% • Enox rafmagnshjól 15%

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

EXTRA

2299 kr.pk.

Gelato party Mix 3x350 g

2299 kr.pk.

Sorbet Party Mix 3x320 g

399 kr.pk.

Bláber Driscoll's 125 g

okkar uppáhalds úr

COSTCO WHOLESALE

BARÓNSTÍGUR 8-24

KEFLAVÍK OG AKUREYRI 24/7

WWW.EXTRA.IS

Fimmtudagur

Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
19.00 **Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 **Suðurnesja-magasín Vikurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
20.00 **Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.

RÚV Sjónvarp

11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Sumarlandabrot**
11.15 **Hið sæta sumarlíf**
11.45 **Eystrasaltsfinnarnir**
12.15 **Útúrdúr**
13.00 **Fólkið í landinu**
13.20 **Faðir, móðir og börn**
13.50 **Út og suður**
14.15 **Kæra dagbók**
14.45 **Popppunktur 2010**
15.40 **Lífsins lystisemdir**
16.10 **Drengjaskólinn**
16.40 **Maðurinn sem minnkaði vistsporið sitt**
17.20 **Íþróttagreinin mín – Tvíenda skíði**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Maturinn minn**
18.12 **Undraverðar vélar**
18.26 **Nýi skólinn**
18.37 **Lúkas í mörgum myndum**
18.46 **Nei sko!**
18.50 **Sumarlandabrot 2020**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.40 **Sumarlandabrot**
19.50 **Danskt háhýsi í New York** Danskir heimildarþættir um háhýsi í New York sem danska arkitektstofan BIG hannaði. Bjarke Ingels eigandi stofunnar segir frá einstöku hönnunar- og byggingarferli háhýsisins.
20.35 **Leigjendur óskast**
21.00 **Skuggaleg skógarferð** Ástralskir spennuþættir frá 2018 um þrjár stúlkur og kennara þeirra sem hverfa sporlaust í skólaferð á Valentínusardag árið 1900 og rannsóknina sem hefst í kjölfarið. Þættirnir eru byggðir á samnefndri skáldsögu Joan Lindsay frá 1967. Aðalhlutverk: Natalie Dormer, Lily Sullivan og Lola Bessis. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Glæpahneigð**
23.00 **Framúrskarandi vinkona: Saga af nýju ættarnafni**
00.00 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

08.55 **LPGA Tour 2021**
12.00 **European Tour 2021**
17.00 **PGA Special: One Shot Away 2021**
17.25 **2021 PGA Tour Champions Learning Center**
17.45 **PGA Special: 25 Years of Tiger**
18.30 **PGA Tour: The Cut 2021**
19.00 **PGA Tour 2021**
22.00 **PGA Special: Bubba Watson and Friends Match**

Sjónvarp Símans

06.00 **Síminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show with James Corden**
14.00 **The Block**
15.05 **Life Unexpected**
15.50 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show with James Corden**
19.05 **The Block**
20.10 **Kokkaflakk**
20.45 **Jarðarförin mín**
21.15 **Venjulegt fólk**
21.45 **Systrabönd** Á tíunda áratug síðustu aldar hverfur fjórtán ára stúlka sporlaust á Snæfellsnesi. Tuttugu og fimm árum síðar finnast jarðneskar leifar hennar og þrjár æskuvinkonur neyðast til að horfa í augu við fortíð sína.
22.30 **Manhunt: Deadly Games**
23.15 **The Late Late Show with James Corden**
00.00 **Love Island**
00.55 **Ray Donovan**
01.45 **Gangs of London**
02.45 **Penny Dreadful: City of Angels**
03.45 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Pianógoðsagnir**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Sumarmál: Fyrri hluti**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Sumarmál: Seinni hluti**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Söngvamál**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Flakk**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Brot úr Morgunvaktinni**
18.30 **Hljómboxið**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Sumartónleikar**
20.30 **Lestin**
21.20 **Íslendingasögur**
21.40 **Kvöldsagan: Sögukaflar af sjálfum mér**
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Sumarmál: Fyrri hluti**
23.05 **Sumarmál: Seinni hluti**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

11.30 **Red Dog: True Blue**
12.55 **So B. It**
14.30 **Second Act**
16.15 **Red Dog: True Blue**
17.40 **So B. It**
19.15 **Second Act**
21.00 **Ashes in the Snow**
22.35 **Bad Boys for Life**
00.35 **Ben is Back**
02.20 **Ashes in the Snow**

Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.20 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Divorce**
09.50 **Last Man Standing**
10.15 **Gilmore Girls**
10.55 **Ísbíltúr með mömmu**
11.20 **Friends**
11.45 **Nettir Kettir**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **God Friended Me**
13.35 **Friends**
13.55 **The Office**
14.15 **Mom**
14.40 **Jamie Cooks Italy**
15.25 **Nostalgía**
15.50 **Making It**
16.35 **Keeping Faith**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakkinn**
18.55 **Börn þjóða** Hver er upplifun Íslendinga af erlendum uppruna af íslensku samfélagi? Eru Íslendingar fordómafull þjóð? Logi Pedro leitar svara og sest niður í sófanum heima með einstaklingum sem allir eiga það sameiginlegt að vera Íslendingar, búsettir á Íslandi, og af erlendu bergi brotnir. Ljósi er varpað á samfélagslegan reynsluheim hvers og eins viðmælanda, uppeldi og búsetu í samfélagi á norðurhjara veraldar og upplifun af því að eiga ólíkan menningarlegan og kynþáttalegan bakgrunn frá hinum „hefðbundna“ Íslendingi.
19.20 **The Titan Games**
20.05 **The Blacklist**
20.50 **NCIS: New Orleans**
21.35 **A Black Lady Sketch Show**
22.05 **Real Time With Bill Maher**
23.00 **Brave New World**
23.55 **Prodigal Son**
00.35 **Bancroft**
01.25 **The Mentalist**
02.05 **Divorce**
02.35 **Last Man Standing**
02.55 **Friends**

Stöð 2 Sport

07.35 **Stjarnan - Höttur**
09.05 **ÍR - Valur**
10.25 **Grindavík - Þór Ak.**
11.55 **Keflavík - Þór Þorlákshöfn**
13.20 **HK - Breiðablik**
15.00 **ÍBV - Haukar**
16.15 **Leiknir R. - Víkingur R.**
17.55 **Orkumótið** Umsjónarmaður er Guðjón Guðmundsson.
18.45 **Pepsi Max Upphitun**
19.05 **Valur - FH**
21.15 **Pepsi Max Stúkan - 1. júlí**
21.40 **Valur - Breiðablik**
23.10 **Dominos Körfuboltakvöld kvenna**
23.50 **Orkumótið**

Stöð 2 Sport 2

08.50 **Bournemouth - Reading**
10.35 **Reading - Bristol City**
12.20 **Norður Makedónía - Holland**
14.00 **Finnland - Belgía**
15.40 **AZ Alkmaar - Rijeka**
17.25 **CSKA Moskva - Wolfsberg**
19.05 **Chorley - Wolves**
20.45 **LA Clippers - Phoenix Suns**
22.35 **Atlanta Hawks - Milwaukee Bucks**
00.30 **Milwaukee Bucks - Atlanta Hawks**

ÚTSALA

30%-50%

AFSLÁTTUR

ÚTILÍF

síðan 1974

Hvar varst þú þegar þú fréttir af andláti Díönu prinsessu?

Sif Sigmarsdóttir

rithöfundur

„Sumarið 1997 dvaldi ég í Montpellier í Frakklandi og þóttist læra frönsku. Hinn 31. ágúst átti ég bókað flug heim til Íslands," segir Sif Sigmarsdóttir, sem þá var grunlaus um örlagaríkt og ógleymanlegt bílslysið í höfuðborginni. „Ég eyddi deginum í rútu og þegar ég mætti á flugvöllinn í París hafði ég ekki hugmynd um að heimsbyggðin stæði á öndinni yfir harmleik sem átti sér stað skammt frá – þetta var löngu fyrir snjallsímavæðinguna og fréttir gátu farið svona svakalega fram hjá manni. Þar sem ég ráfaði um flugvöllinn þefaði ég uppi Íslending (við virðumst gefa frá okkur einhvers konar þjóðernisferómón, við finnum alltaf hvert annað).

Hann sagði mér fréttirnar og við sátum saman og veltum okkur upp úr þessari sammannlegu tragedíu þar til gengið var um borð."

Heimir Már Pétursson

fréttamaður

„Alþjóðlegu fréttastofurnar voru til þess að gera nýkomnar til Íslands þegar Díana dó," segir Heimir Már.

„Ég var nýkominn heim til mín af næturbrölti og kveikti á Sky News eins og fréttamönnum er tamt. Þá var verið að greina frá því að Dína hefði lent í bílslysi í París. Hún væri slösuð á sjúkrahúsi, en Dodi og bílstjórinn væru látnir. Ég fylgdist síðan með fram eftir nóttu þar til staðfest var að Díana væri látin. Það var mjög undarlegt að fylgjast með þessu nánast um leið og það gerðist og sjá myndir frá vettvangi. Ég man ég hugsaði hvernig þetta gæti gerst fyrir manneskju sem væri svona vel gætt en síðar kom auðvitað í ljós að hennar var alls ekki gætt fyrir utan starfsfólk Dodis. Strax þarna um nóttina varð mér ljóst að heimsviðburður hefði átt sér stað þótt mig óraði ekki fyrir eftirleiknum."

Erna Ýr Öldudóttir

blaðamaður

„Aðeins hinir góðu deyja ungir, allt hið illa virðist tóra til eilífðar, söng Iron Maiden. Ég bjó á Melunum, þegar sviplegan dauða Hjartadrottningarinnar bar að," segir Erna Ýr. „Alþýðlega, hjartagóða en óhamingjusama tískutáknið, Díana prinsessa af Wales, var nánast daglegt fréttaefni framan af ævi minni. Vinkona mín hringdi, henni var mikið niðri fyrir. Ég starði agndofa út um hálfmánalagaðan risgluggann. Heimurinn yrði ekki samur. Að baki óhamingju prinsessunnar lá eitthvað meira. Að gefa sig ríkum, frægum, meðalgreindum, sjálfhverfum og ómyndarlegum manni, er nefnilega ekki nýtt undir sólinni. Erfiðar spurningar vöknuðu sem enn er ósvarað. Heimurinn minnist hennar í dag með söknuði og hlýju." ■

Heimsbyggðin stóð á öndinni yfir fegurð og útgeislun prinsessunnar þegar hún gekk að eiga ríkisarfann og tók sín fyrstu skref inn í háskalegan heim þar sem grimmileg örlög biðu hennar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Aðeins ein Díana prinsessa

Lafði Díana, prinsessa fólksins, væri sextug í dag hefði hún lifað. Hún færði konungsfjölskylduna nær nútímanum og mikil áhrif hennar mögnuðust gríðarlega við dauða hennar.

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Lafði Díana Frances Spencer fæddist þann 1. júlí 1961 og var aðeins 36 ára þegar hún, í sviðsljósi ágengra fjölmiðla, lenti í hörmulegu bílslysi í París 31. ágúst 1997. Díana var gervallri heimsbyggðinni harmdauði og hennar er enn minnst með hlýhug sem hinnar einu sönnu prinsessu fólksins.

Almenningur tók hinni ungu og frjálslegu Díönu opnum örmum, þegar hún og ríkisarfinn Karl, prinsinn af Wales, tóku að stinga saman nefjum. Þau voru gefin saman í dómkirkju heilags Páls sumarið 1981 í óumdeildu brúðkaupi síðustu aldar og örlög hennar réðust í raun þegar hún dró lengsta brúðarslóða samtímasögunnar á eftir sér út á þyrnum stráða örlagabrautina.

Varð voldugri í dauðanum

„Hún náttúrlega deyr þegar hún er bara 36 ára og mér hefur alltaf fundist áhugavert hversu mikil áhrif hún hafði á stuttri ævi. Hún skilur gífurlega arfleifð eftir sig og þótt hún hafi nú ekki verið lengi í konungsfjölskyldunni þá hafði hún alveg rosalega mikil áhrif og leiðinlegt að segja það, en það er kannski í dauðanum sem áhrif hennar verða enn meiri," segir Guðný Ósk Laxdal, sem fjallaði um nútímavæðingu konungsfjölskyldunnar í BA-ritgerð sinni 2016.

„Dauði Díönu er svo stór og þá neyddist drottningin svolítið til þess að fara gegn hefðinni og breska fánanum var þá flaggað í hálfa stöng við Buckingham-höll í fyrsta skipti í sögunni, vegna þess að þjóðin bara krafðist þess að einhverjar tilfinningar yrðu sýndar."

Guðný segir þetta hafa verið stórmerkilegt og þá ekki síst að Elísabet skuli hafa látið gera þetta. Það eitt og sér segi mikið um þær miklu breytingar sem fylgdu Díönu.

Prinsessa fólksins

Díana varð fljótt „prinsessa fólksins" enda fram úr hófi alþýðleg og lagði sig fram um að ala syni sína upp í heilbrigðari nálægð við eitthvað sem mætti teljast eðlilegt líf.

Guðný rifjar til dæmis upp sögur af því að Díana hafi átt það til að fara með Vilhjálm og Harry á næsta McDonalds í stað þess að snæða í höllinni.

„Það situr svolítið í þeim í dag að hafa kynnst svona aðeins eðlilegra lífi," segir Guðný, og víkur að þeim miklu áhrifum sem dauði móður þeirra hafði á Vilhjálm og Harry.

„Þjóðin tekur þá svolítið að sér og það sést enn þann dag í dag hversu fólki finnst vænt um þá, þótt þeir séu orðnir fullorðnir menn með sínar eigin fjölskyldur. Það er alltaf þessi væntumþykja einhvern veginn af því að þjóðin og heimurinn áttu Díönu og hún er náttúrlega heilög í dag."

Væri alger amma

Guðný bendir einnig á að Díana hafi kynnt Vilhjálm ungan fyrir aðstæðum heimilislausra, sem hún hafi oft heimsótt ásamt litla prinsinum. Hún var dugleg að minna þá á að þeir lifðu mjög góðu lífi og Vilhjálmur hélt áfram að sinna heimilislausum eftir að móðir hans dó. „Ég held að stærsta arfleifð hennar sé strákarnir hennar og hvernig hún ól þá upp og hvernig þeir hafa tekið við af henni.

Guðný segir ómögulegt að segja til um hver staða Díönu væri í dag, hefði hún lifað. Breyturnar eru enda margar en eitt er næsta víst: „Hún væri náttúrlega algjör amma. Held ég. Barnabörnin eru orðin fimm núna og Vilhjálmur og Harry eiga hvor sína dótturina sem heita báðar Díana að millinafni. Það er í rauninni of mikið fyrir barn í dag að heita Díana og eiga eftir að verða Díana prinsessa," segir Guðný, um þær Karlottu Elísabetu Díönu, dóttur Vilhjálms og Katrínar, og Lilibet Díönu Mountbatten-Windsor sem Meghan Markle og Harry eignuðust í júní.

„Það getur enginn orðið Díana prinsessa eftir Díönu og þú setur ekki nýtt barn, sem er líka barnabarnið hennar, í þessa aðstöðu, en það skiptir þá greinilega miklu máli að stelpurnar heiti eftir ömmu sinni og Harry talar ekki um neitt annað í dag en mömmu sína." ■

Guðný Ósk kennir ensku í Flensborg og fjallar um kóngafólk af innsýn sem @roylaicelander á Instagram.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

Hundeltasta manneskjan í heiminum

thorarinn@frettabladid.is

„Auðvitað var ég hissa yfir dauðdaga Díönu, eins og öll heimsbyggðin. Það áttu fæstir von á svona ömurlegum dauðdaga 36 ára konu, sem átti að njóta bestu öryggisgæslu sem hugsast gat. Það gerði hún þó ekki. Konungsfjölskyldan hafði afnumið öryggisráðstafanir í hennar garð," segir Hildur Helga Sigurðardóttir, sem var nýflutt heim frá Lundúnum, þar sem hún hafði meðal annars verið fréttaritari Ríkisútvarpsins í tæpan áratug.

Aldagamlar hefðir í uppnámi

„Það skrifast síðan á reikning föður Dodis, Al Fayeds, að hann, kallinn sem öllu réði, skyldi fela drukknum og dópuðum bílstjóra að ferja soninn og krúnudjásnið, sem Díana vissulega var," segir Hildur Helga og bætir við að hún hafi flutt fréttir af öllu milli himins og jarðar frá Bretaveldi, en einhvern veginn „sátu fréttirnar af þessu fólki fastast í fólki og gera jafnvel enn!

Það var áhugavert að stúdera hvað gerðist í þessari fjölskyldu í kringum þetta óvænta andlát Díönu. Jafnvel drottningin, höfuð fjölskyldu sem byggir á aldagömlum hefðum, virtist ekki hafa hugmynd um hvernig hún ætti að bregðast við."

Lafði Díana Spencer, leikskólakennarinn sem varð prinsessa fólksins, skömmu fyrir örlagaríka trúlofun hennar og Karls prins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Grimmileg örlög

Ástandið sem skapaðist eftir dauða Díönu varð því fljótt að krísu milli reiðrar þjóðar, sem var farin að minna á þýskan uppruna núverandi konungsfjölskyldu og heimta: „Húnana heim" og vandræðalegrar konungsfjölskyldu, sem taldi sig geta sópað þessum heimsviðburði undir teppið. Það reyndist auðvitað ekki hægt.

Við Ólafur Sigurðsson fréttamaður dekkuðum jarðarför Díönu, þessa lengstu beinu útsendingu í manna minnum. Mér er þar minnisstæðust þrumuræðan sem Spencer jarl flutti, um hundeltandi pressuna og ekki síður framkomu konungsfjölskyldunnar við systur hans, sem jarlinn minnti á að hefði verið af margfalt konunglegra blóði en þessi fjölskylda sem hún var svo óheppin að giftast inn í og reyndist henni ekki vel. Þrumuræða, sem ég man næstum frá orði til orðs.

Hildur Helga Sigurðardóttir.

Það voru grimmileg örlög konu sem hét eftir veiðigyðjunni sjálfri, Díönu, að verða hundeltasta mannvera jarðarinnar, sagði jarlinn og gestir þögðu allir sem einn.

Síðan tók við löng ferð með kistu prinsessunnar til Althorp-kastala Spencer-fjölskyldunnar, þar sem hún var jarðsett ein á lítilli eyju á landareigninni. Svolítið einmanalegt, en eftir allt sem á undan var gengið vildi Spencer-fjölskyldan hafa hana hjá sér." ■

NIVEA SUN

NÝTT 100% MINERAL

sólarvörn fyrir viðkvæma húð barna

Ástríðan á silki fékk loks að blómstra í faraldrinum

Rakel Mjöll hefur verið búsett í London síðustu ár, en flúði ástandið í borginni til Íslands. Hún er söngkona sveitarinnar Dream Wife, sem nýtur mikilla vinsælda. Rakel opnar í kvöld sýningu á silkiflíkum sem hún hefur unnið í COVID-ástandinu, í Gallerí Flæði.

steingerdur@frettabladid.is

Rakel er að hanna þessa silkikjóla sem hún dressaði sig og ömmu sína upp í. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tónlistar- og myndlistarkonan Rakel Mjöll Leifsdóttir varð að yfirgefa London, heimaborg sína síðustu 8 árin, þegar heimsfaraldurinn fór að taka sinn toll og setja sinn svip á lífið í borginni. Hún hefur því eytt síðastliðnu ári á landinu.

„Ég kom heim frá London í fyrstu bylgju faraldursins, því borgin fór í „lockdown“ og nú er liðið meira en ár frá því. Ég pakkaði í litla tösku og hélt að ég myndi vera bara í nokkrar vikur en það breyttist náttúrulega. Vissulega voru þetta mikil viðbrigði því ég hef búið í Englandi í átta ár og starfað innan tónlistargeirans, þar sem ég eyddi meirihluta af árinu í að ferðast milli landa og spila á ýmsum hátíðum og stöðum,“ segir Rakel, en hún hefur náð gífurlegum vinsældum með hljómsveit sinni Dream Wife, sem hefur spilað á stærstu tónleikahátíðum heims.

„Það tók tíma að venjast því að lifa mun rólegra lífi. En ég er svo gríðarlega þakklát fyrir að geta hafa eytt síðastliðnu ári hér heima í Reykjavík og notið þess að vera í fjölskyldufaðmi, upplifa öryggið hér heima í engri keppni við tímann eins og í London,“ segir hún.

Íslendingar heppnir

Hún hefur þó farið nokkrum sinnum til London síðastliðið ár.

„Þá til þess að fara í mánaðarlegar skrifbúðir eða hljóðverstíma með hljómsveitinni og þá skynja ég hvað ég og íslenska þjóðin höfum nú haft það gott að hafa aldrei þurft að upplifa þessar miklu lokanir og eymdina, líkt og í Bretlandi. En nú er þetta allt á réttri leið.“

Alice og Bella, sem eru með Rakel í Dream Wife, eru í London.

„Svo mín vinna fer mikið fram í gegnum tölvuskjá þessa dagana. Mér fannst ég vera orðin hálf súr að vinna svona mikið með tölvu, svo ég vildi vinna með höndunum líka, til að jafna þetta út. Ég fann að með því að prjóna eða sauma hélt ég betur einbeitingu og auðveldaði hugmyndavinnuna. Eitt leiddi af öðru og ég hóf að sauma silkikjóla og -flíkur.“

Líður best í silki

Rakel hefur alls ekki setið auðum höndum. Hún hefur nýtt tímann til að sinna ástríðu sinni og fór að sauma flíkur úr lífrænu silki, en hún hefur alltaf haldið mikið upp á silkiklæðnað. Í kvöld mun hún sýna afraksturinn í Gallerí Flæði.

„Amma og mamma hafa deilt ást sinni á silki með mér frá því ég var lítil. Þær hafa alltaf kunnað að klæða sig, en það er af því að þær skoða frekar úr hvaða efni flíkin er unnin heldur en sniðið, eða hvort að hún sé merkjavara. Að efnið hjálpi frekar sniðinu. Efni eins og lífrænn bómull, silki og lín endast betur. Ég hef líka alltaf verið með frekar viðkvæma húð og á erfitt með að klæðast ýmsum gerviefnum. Mér líður einfaldlega best þegar ég er í silki.“

Amma Rakelar er Guðrún Ásmundsdóttir, ein af ástsælustu leikkonum þjóðarinnar.

> Hún amma mín hefur einstakan fatasmekk og elskar góð efni. Silki er í algjöru uppáhaldi hjá henni.

„Hennar silkisafn er einstakt og ég hef verið svo heppin að hún hefur laumað að mér flíkum úr því safni í gegnum tíðina. Hver flík er með sína sögu. Hún amma mín hefur einstakan fatasmekk og elskar góð efni. Silki er í algjöru uppáhaldi hjá henni. Hún kenndi mér ýmsar aðferðir við að þvo silki og rétta úr því þegar ég var unglingur. Við erum alltaf að kenna hvor annarri eitthvað nýtt,“ segir Rakel og brosir.

Treystir flæðinu

Rakel vinnur einvörðungu með lífrænt silki, þar sem henni finnst mikilvægt að þekkja uppruna efnisins og hvernig það var framleitt.

„Silkið sem ég vinn með er efni sem er OEKO og ODM umhverfisvottað, lífrænt mórberjasilki. Það þýðir að engin eiturefni koma nálægt framleiðslunni frá því að silkiormarnir borða mórberjalaufin sín, þar til efnið er litað. Fólkið sem vinnur efnin gerir það við góðar aðstæður og fær mannsæmandi laun.“

Finnst þér myndlistarmenntun þín hjálpa þér við fatahönnunina?

„Hún hefur hjálpað mér mikið í gegnum tíðina í ýmsum verkefnum sem ég hef tekið að mér. Að hafa ekki þennan ótta við að byrja á nýjum verkefnum. Það er svipað með tónlistina. Það er mikilvægt að treysta flæðinu og ferlinu,“ útskýrir Rakel.

Saknar þess að spila

Rakel segist sakna þess mikið að koma fram með Dream Wife og var vön að ferðast heimshorna á milli með sveitinni.

„Það er ótrúlegt hvað tíminn líður hratt. Ég sakna þess mikið að koma fram á tónleikum og upplifa þessa einstöku orku sem myndast í salnum. Nú í síðustu viku framlengdi breska ríkisstjórnin samkomutakmarkanir til loka sumars, svo slatta af tónlistarhátíðum sem ég átti að spila á hefur aftur verið frestað, eða þeim algjörlega aflýst. En þannig er það nú, öryggið skiptir mestu máli. Það verður ljúft að spila þegar tíminn kemur. Krossum fingur og tær að við fáum nú loks að mega spila. Annars mun bara önnur fatalína sjá dagsins ljós,“ segir Rakel og hlær. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

LITRÍKARI SUMARDAGAR MEÐ

Kellogg's®

- KAUPTU EINN PAKKA AF KELLOGG´S AÐ EIGIN VALI
- SENDU KVITTUN Á **KELLOGGS@NOI.IS**
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ **HIGH PEAK TAURIS 6 MANNA FJÖLSKYLDUTJALD ANDVIRÐI: 99.990 KR.**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!







Tímabil leiks: 18. júní-18. júlí. Dregið 19. júlí.

TAKK FYRIR OKKUR

Frá árinu 2012 hefur Domino's deildin fært landsmönnum ástríðu, dramatík og háspennu með sætum sigrum og krefjandi augnablikum.

Síðustu 9 ár hafa verið spilaðir 2.456 leikir í efstu deild kvenna og karla. Markmið okkar frá upphafi var að efla körfuboltann sem íþrótt á Íslandi og því er mjög ánægjulegt að sjá 42% fjölgun iðkenda á síðustu árum. Af því erum við sérstaklega stolt.

Nú gefum við boltann áfram og viljum þakka Körfuknattleiks-sambandi Íslands, íþróttafélögunum, leikmönnum, sjálfboðaliðunum og öðrum samstarfsaðilum kærlega fyrir traustið og ánægjulegt samstarf. Okkar var sannarlega heiðurinn.

Sjáumst á vellinum!

DOMINO'S DEILDIN

Brandenburg | SÍA

24

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Eldhúsið mitt

Eldhúsið mitt veitir mér engan innblástur, heldur veldur það mér kvíða.

Við Hófí, kærastan mín, keyptum íbúð fyrir hálfu ári, en í eldhúsinu ríkir enn óreiða. Þetta er ekkert dramatískt. Það stendur aldrei hrúga af óhreinu leirtaui upp úr vaskinum, það lekur ekkert og það er ekkert að mygla í ruslinu. Ekkert dramatískt. Stundum eru diskarnir í efri hillunni, stundum í neðri, kaffikvörnin er óaðgengileg og kaffið er heimilislaust.

Þetta stendur til bóta, þetta átti aldrei að vera svona. Við vorum aldrei ánægð með eldhúsið þar sem við bjuggum áður og vorum ákveðin í að standa okkur betur. Síðan fluttum við og það var áfall, en ég las að 60% fólks finnist flutningar vera það erfiðasta sem það upplifir. Við fluttum og jöfnuðum okkur — og eldhúsið sat á hakanum.

Síðan fórum við að vinna. Við vinnum bæði sjálfstætt og vitum yfirleitt ekki hvernig næsta vika verður, og allar vikur sem við höfum eyrnamerkt eldhúsinu hafa farið í sandinn. Alla morgna geri ég graut í eldhúsinu sem veitir mér engan innblástur. Suma morgna er kaffið í glugganum og aðra hjá eldavélinni og enn aðra hjá ísskápnum. En við gerum þetta í næstu viku, sem fer í sandinn, en við gerum þetta í næstu viku, en tíminn fer í sandinn, en við gerum þetta í næstu viku og ég fatta að lífið er á hraðsiglingu og ekkert sem ég geri getur hægt á henni.

Önnur vika gengur í garð og ég geri andlausan hafragraut og svipast um eftir kaffinu og ég finn það í líkamanum að einn daginn mun ég deyja, en í næstu viku komum við eldhúsinu í stand. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ